



## Bæjarstjórn Garðabæjar 7. (977)/2026

Boðað er til 7. (977). fundar bæjarstjórnar fimmtudaginn 16. apríl 2026 kl. 17:00 í fundarsal bæjarstjórnar í Sveinatungu, Garðatorgi.

### Dagskrá:

1. 2603036F - Fundargerð bæjarráðs frá 24/3 '26.
2. 2603045F - Fundargerð bæjarráðs frá 31/3 '26.
  - 2603439 - Sjúkraþjálfun Garðabæjar - samningur um leigu á rými í Miðgarði.
  - 2603474 - Umsókn Brynju leigufélags um stofnframlag.
  - 2509209 - Umsókn um stöðuleyfi fyrir sauna hús.
3. 2603051F - Fundargerð bæjarráðs frá 14/4 '26.
  - 2010080 - Afgreiðsla skipulagsnefndar - Aðalskipulag Garðabæjar 2016-2030. Breyting 6. Garðahverfi.
  - 2601486 - Afgreiðsla skipulagsnefndar - Birkiholt 14 - Stækkun byggingarreits - Fyrirspurn til umhverfissviðs.
  - 2505354 - Afgreiðsla skipulagsnefndar - Teistunes 1 - byggingareitur - Fyrirspurn til umhverfissviðs.
  - 2601143 - Afgreiðsla skipulagsnefndar - Vesturhraun 3 - Deiliskipulagsbreyting.
  - 2603397 - Afgreiðsla skipulagsnefndar - Fífumýri 3 - Viðbygging - Fyrirspurn til umhverfissviðs.
  - 2601487 - Afgreiðsla skipulagsnefndar - Suðurhraun 6 og 10 - Deiliskipulagsbreyting.



4. 2604004F - Fundargerð íþróttá- og tómstundaráðs frá 8/4 '26.
5. 2603025F - Fundargerð leikskólanefndar frá 18/3 '26.
6. 2604007F - Fundargerð menningar- og safnanefndar frá 9/4 '26.
7. 2603040F - Fundargerð skipulagsnefndar frá 26/3 '26.
8. 2604005F - Fundargerð skipulagsnefndar frá 10/4 '26.
9. 2603022F - Fundargerð skólanefndar grunnskóla frá 18/3 '26.
10. 2603037F - Fundargerð skólanefndar grunnskóla frá 25/3 '26.
11. 2603038F - Fundargerð ungmennaráðs frá 19/3 '26.
12. 2603029F - Fundargerð velferðarráðs frá 20/3 '26.
13. 2602076 - Fundargerðir heilbrigðisnefndar frá 24/2 og 30/3 '26.
14. 2601375 - Fundargerð stjórnar SSH frá 16/3 '26.
15. 2602305 - Fundargerð samstarfsnefndar skíðasvæða höfuðborgarsv. frá 18/3 '26.
16. 2601279 - Fundargerð stjórnar Sorpu bs. frá 11/2 '26.
17. 2602330 - Fundargerð svæðisskipulagsnefndar frá 20/3 '26.
18. 2601508 - Fundargerð stjórnar SHS frá 13/3 '26.
19. 2601544 - Fundargerðir stjórnar Strætó bs. frá 10/3 og 20/3 '26.
20. 2509275 - Endurskoðun á stefnu Garðabæjar í málefnum fatlaðs fólks
21. 2511456 - Húsnæðisáætlun Garðabæjar 2026



22. 2601001 - Tillaga um kjörstaði og skipun fulltrúa í undirkjörstjórnir og hverfiskjörstjórn Álfanes við sveitarstjórnarkosningar 16. maí 2026.
23. 2508513 - Ársreikningur Garðabæjar 2025 - fyrri umræða

Almar Guðmundsson,  
bæjarstjóri.

**Bæjarstjórn Garðabæjar**  
**6. (976). fundur 2026**

Fimmtudaginn 19. mars 2026 kl. 17:00 kom bæjarstjórn Garðabæjar saman til fundar í fundarsal bæjarstjórnar í Sveinatungu, Garðatorgi.

Fundinn sátu: Margrét Bjarnadóttir forseti bæjarstjórnar, Almar Guðmundsson bæjarfulltrúi, Björg Fenger bæjarfulltrúi, Sigríður Hulda Jónsdóttir bæjarfulltrúi, Hrannar Bragi Eyjólfsson bæjarfulltrúi, Gunnar Valur Gíslason bæjarfulltrúi, Harpa Rós Gísladóttir varabæjarfulltrúi, Þorbjörg Þorvaldsdóttir bæjarfulltrúi, Harpa Þorsteinsdóttir varabæjarfulltrúi, Brynja Dan Gunnarsdóttir bæjarfulltrúi og Guðlaugur Kristmundsson bæjarfulltrúi.

Fundargerð ritaði: Lúðvík Örn Steinarsson, sviðsstjóri fjármála- og stjórnsýslusviðs.

Fundurinn er hljóðritaður og streymt beint á vef bæjarins. Margrét Bjarnadóttir, forseti bæjarstjórnar, setti fund og stjórnáði. Fundargerð bæjarstjórnar frá 5. mars 2026 er lögð fram.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

**1. 2603010F - Fundargerð bæjarráðs frá 10/3 '26.**

Hrannar Bragi Eyjólfsson ræddi 17.tl. bókun frá 624. fundi stjórnar SSH - þjónustusamningur og samstarfssamningur vegna almenningsamgangna.

Guðlaugur Kristmundsson ræddi 2.tl. götulytingu í Garðabæ og 17.tl. bókun frá 624. fundi stjórnar SSH - þjónustusamningur og samstarfssamningur vegna almenningsamgangna.

Gunnar Valur Gíslason ræddi 16.tl. beiðni Sorpu bs. um afgreiðslu lánessamnings.

Fundargerðin sem er 20. tl. er samþykkt samhljóða.

2603078 - Beiðni Sorpu bs. um afgreiðslu lánessamnings.

Bæjarstjórn samþykkir beiðni stjórnar SORPU bs. um heimild til fjármögnunar endurvinnslustöðvar við Lambhaga með lánum hjá Lánasjóði sveitarfélaga. Annars vegar er um að ræða lán skv. lánessamningi nr. 2603\_17 að fjárhæð kr. 320.000.000. Lánið er verðtryggt með grunnvísitölu 668,3 stig og verðtryggðum vöxtum sem eru 2,5% og fastir allan lánstímann. Virkir vextir samningsins eru 3,9%. Hins vegar er um að ræða lán skv. lánessamningi nr. 2603\_18 að fjárhæð kr. 30.000.000. Lánið verðtryggt með grunnvísitölu 668,3 stig og verðtryggðum vöxtum sem eru 3,9% árlega og fastir allan tímann.

2603077 - Bókun frá 624. fundi stjórnar SSH - þjónustusamningur og samstarfssamningur vegna almenningsamgangna, dags. 04.03.26.

Bæjarstjórn samþykkir fyrirbyggjandi þjónustusamning sveitarfélaga og ríkis við Almenningsamgöngur höfuðborgarsvæðisins ohf. og samstarfssamning Strætó bs. og Almenningsamgangna ohf. og felur Almari Guðmundssyni, bæjarstjóra, að undirrita samningana fyrir hönd Garðabæjar.

**2. 2603023F - Fundargerð bæjarráðs frá 17/3 '26.**

Þorbjörg Þorvaldsdóttir ræddi 5.tl. stafræn málefni - nýr vefur.

Guðlaugur Kristmundsson ræddi 3.tl. tölulegar upplýsingar í barnavernd, 4.tl. tilkynningu Gæða- og eftirlitsstofnunar velferðarmála um frumkvæðisathugun á eftirlitsskyldum barnaverndarþjónusta vegna barna í fóstri og 6.tl. Garðatorg 7 - þjónustuver, umsókn um byggingarleyfi.

Björg Fenger ræddi 3.tl. tölulegar upplýsingar í barnavernd, 4.tl. tilkynningu Gæða- og eftirlitsstofnunar velferðarmála um frumkvæðisathugun á eftirlitsskyldum barnaverndarþjónusta vegna barna í fóstri og 6.tl. Garðatorg 7 - þjónustuver, umsókn um byggingarleyfi.

Gunnar Valur Gíslason ræddi 12.tl. hönnun - útboð - Lambamýri 2. áfangi - frístundaþjónusta fyrir fötluð ungmenni og 13.tl. hönnun - útboð - búsetukjarni við Haustbraut, jarðvinna.

Fundargerðin sem er 16. tl. er samþykkt samhljóða.

2602301 - Afgreiðsla skipulagsnefndar - Dalprýði 13 - Umsókn um byggingarleyfi.

Bæjarstjórn samþykkir afgreiðslu skipulagsnefndar frá fundi 12. mars 2026 varðandi umsókn um byggingarleyfi að Dalprýði 13, sem gerir ráð fyrir nýjum glugga á norðurhlið íbúðarhússins. Innanhúsbreyting sú sem kallar á þessa útlitsbreytingu er sú að gert verður ráð fyrir svefnherbergi á þessum stað. Í deiliskipulagsgreinargerð deiliskipulags Garðahrauns segir í kafla 2.2.2. Húsagerðir: "Þó að ákvæði um nýtingahlutfall og byggingarreiti sé mjög rýmilegt, ber að taka tillit til útisvæða lóða í sólarátt og innsýnismöguleika frá öðrum húsum, auk hraunmyndana á lóðum." Með vísan í ofangreint ákvæði vísaði skipulagsnefnd umsókninni til grenndarkynningar sem óverulegri breytingu deiliskipulags Garðahrauns í samræmi við 2.mgr.44.gr.skipulagslaga nr.123/2010 hvað innsýnismöguleika varðar. Grenndarkynna skal eigendum Dalprýði 10 og 11.

2603130 - Afgreiðsla skipulagsnefndar - Útholt 13-21 - Deiliskipulagsbreyting

Bæjarstjórn samþykkir afgreiðslu skipulagsnefndar frá fundi 12. mars 2026 varðandi tillögu að breytingu deiliskipulags Hnoðrahólts norður sem nær til raðhúsalengjunnar Útholt 13-21. Fyrir breytingu eru byggingareitir endahúsa 10,5 m en miðjuhúsa 9,0 m. Tillagan gerir ráð fyrir því að allir byggingareitir verði 9,6 m. Mörk byggingareita milli húsa færast því til í þeim tilgangi að jafna stærðir húsanna. Skipulagsnefnd mat breytinguna sem óverulega breytingu deiliskipulags Hnoðrahólts norður í samræmi við 2.mgr.43.gr. skipulagslaga nr.123/2010. Í samræmi við 2.ml. 3.mgr.44.gr.sömu laga er grenndarkynning felld niður.

2603159 - Afgreiðsla skipulagsnefndar - Ránargrund 2 - Fyrirspurn til umhverfissviðs

Bæjarstjórn samþykkir afgreiðslu skipulagsnefndar frá fundi 12. mars 2026 varðandi fyrirspurn siglingaklúbbsins Vogs til Garðabæjar um veitingu stöðuleyfis fyrir aðstöðuhús á lóðinni Ránargrund 2. Húsinu er ætlað að veita aðstöðu til fataskipta og kennslu sem og fyrir búnað tengdum fyrstu hjálp. Húsin samanstanda af tveimur einingum sem eru 6,1 x 2,45 að grunnfleti og 2,6 m á hæð. Skipulagsnefnd gerir ekki athugasemd við að veitt verði stöðuleyfi fyrir húsin á meðan þau uppfylla eftirfarandi skilyrði: Grunnflötur þeirra sé 2 x 2,45 x 6,1 m<sup>2</sup> Hæð þeirra sé að hámarki 2,6 m. Leyfið verði veitt til 1.október nk. Leyfið verði veitt fyrir starfsemi í tengslum við ungmennastarf siglingaklúbbsins.

**3. 2603017F - Fundargerð íþróttá- og tómstundaráðs frá 11/3 '26.**

Hrannar Bragi Eyjólfsson ræddi 1.tl. Ungmennahús Garðabæjar, 2.tl. þarfagreining um íþróttasvæði í og við Miðgarð, 3.tl. samráðsfund íþróttafélaga Garðabæjar, 4.tl. framhaldsbolta, 5.tl. Skólahreysti 2026, 6.tl. Stjórnuhlaupið 2026 og 7.-9.tl. umsóknir um ferðastyrki íþróttá- og tómstundaráðs Garðabæjar.

Harpa Þorsteinsdóttir ræddi fundargerðina og 4.tl. framhaldsbolta.

Brynja Dan Gunnarsdóttir ræddi 4.tl. framhaldsbolta.

Guðlaugur Kristmundsson ræddi fundargerðina.

Hrannar Bragi Eyjólfsson tók til máls að nýju og ræddi 4.tl. framhaldsbolta og fundargerðina.

Fundargerðin er lögð fram.

**4. 2603018F - Fundargerð menningar- og safnanefndar frá 13/3 '26.**

Harpa Rós Gísladóttir ræddi 2.tl. Jazzþorpið í Garðabæ 2026.

Almar Guðmundsson ræddi fundargerðina og 2.tl. Jazzþorpið í Garðabæ 2026.

Fundargerðin er lögð fram.

**5. 2603013F - Fundargerð skipulagsnefndar frá 12/3 '26.**

Fundargerðin er lögð fram.

**6. 2602049F - Fundargerð skólanefndar grunnskóla frá 4/3 '26.**

Sigríður Hulda Jónsdóttir ræddi 1.tl. íbúakönnun - þjónustukönnun Gallup 2025, 2.tl. innritun nemenda í grunnskóla 2026-2027 og 3.tl. kynning og samtal við skólastjórnendur í Álfaneskóla.

Fundargerðin er lögð fram.

**7. 2602026F - Fundargerð stjórnar Hönnunarsafns Íslands frá 17/2 '26.**

Fundargerðin er lögð fram.

**8. 2601375 - Fundargerð stjórnar SSH frá 2/3 '26.**

Almar Guðmundsson ræddi fundargerðina, 2.tl. sérskóla á höfuðborgarsvæðinu - sóknaráætlun 2025 og 4.tl. álagsdreifing umferðar á höfuðborgarsvæðinu - sóknaráætlun 2025.

Guðlaugur Kristmundsson ræddi 5.tl. almyrkva á sólu 12. ágúst 2026.

Fundargerðin er lögð fram.

**9. 2601508 - Fundargerð stjórnar SHS frá 20/2 '26.**

Fundargerðin er lögð fram.

#### 10. 2311400 - Hjólreiðastefna Garðabæjar

Björg Fenger tók til máls.

Þorbjörg Þorvaldsdóttir tók til máls og lagði fram svohljóðandi bókun:

"Hjólreiðastefna Garðabæjar 2026-2031 miðar að því að auka hlutdeild hjólreiða í Garðabæ og byggir á tillögu Garðabæjarlistans sem samþykkt var í bæjarstjórn í maí 2022. Garðabæjarlistinn óskar öllum bæjarbúum til hamingju með þessa fyrstu hjólreiðastefnu bæjarins. Hún markar kaflaskil í þágu fjölbreyttra ferðamáta í Garðabæ og við hvetjum fólk til þess að kynna sér hana vel."

Harpa Rós Gísladóttir tók til máls.

Harpa Þorsteinsdóttir tók til máls.

Björg Fenger tók til máls að nýju.

Bæjarstjórn samþykkir samhljóða Hjólreiðastefnu Garðabæjar 2026-2031.

#### 11. 2410186 - Skuldabréfaútboð Garðabæjar

Almar Guðmundsson tók til máls.

Bæjarstjórn samþykkir að taka tilboði í lántöku að fjárhæð kr. 1.043.500.000 að nafnverði, með ávöxtunarkröfu upp á 3,78%. Markaðsvirði útgáfunnar nemur kr. 1.499.341.653. Fyrir útboðið var útistandandi í skuldabréfaflokknum GARD 11 1 að nafnverði kr. 5.190.000.000, en heildarstærð flokksins eftir útboðið verður því kr. 6.233.500.000 að nafnverði.

Lántakan er samkvæmt heimild í fjárhagsáætlun.

#### 12. 2512335 - Lóð fyrir hjúkrunarheimili í Vetrarmýri

Guðlaugur Kristmundsson tók til máls og lagði fram svohljóðandi bókun:

"Viðreisn í Garðabæ fagnar því samkomulagi sem náðst hefur milli bæjarins og ríkisins um uppbyggingu hjúkrunarheimilis í Vetrarmýri. Mikilvægt er að samkomulagið haldi og að sú tímalína sem liggur undir haldi.

Uppbygging hjúkrunarheimilisins er mikilvægt skref fyrir bæjarfélagið og mun styrkja þjónustu við eldri íbúa Garðabæjar. Sérstaklega er ánægjulegt að heimilið risi í nýju hverfi þar sem það verður hluti af samfélagi sem er að mótast.

Þannig geta íbúar hjúkrunarheimilisins orðið meðal frumbyggja í hverfinu og tekið strax þátt í að skapa líf, tengsl og brag þess samfélags sem þar mun vaxa."

Harpa Rós Gísladóttir tók til máls og lagði fram svohljóðandi bókun:

"Bæjarfulltrúar Sjálfstæðisflokksins fagna þeim mikilvæga áfanga sem undirritun samkomulags um uppbyggingu nýs hjúkrunarheimilis í Vetrarmýri felur í sér. Um er að ræða allt að 100 rýma heimili með þjónustumiðstöð á jarðhæð þar sem meðal annars er gert ráð fyrir dagdvöl og annarri þjónustu fyrir þennan mikilvæga hóp eldri íbúa. Lífsgæðakjarninn munu efla til muna velferðarþjónustu Garðabæjar og styrkja samfélagsinnviði bæjarins en jafnframt er gert ráð fyrir húsnæði í grenndinni sem hentar eldri íbúum sem geta þá einnig nýtt sér þjónustuna sem þar verður í boði.

Nýtt hjúkrunarheimili í Vetrarmýri er liður í því að byggja upp öflugt samfélag eldra fólks í Garðabæ og endurspeglar vel þá stefnu bæjarins að setja þarfir eldra fólks í forgang. Verkefnið er jafnframt mikilvægur liður í markvissri uppbyggingu Vetrarmýrar sem fjölbreytts og öflugs bæjarhverfis með samþættingu íbúðar-, þjónustu- og atvinnustarfsemi.

Bæjarfulltrúar Sjálfstæðisflokksins leggja áherslu á að verkefnið gangi hratt og örugglega fyrir

sig og að heimilið sé komið í notkun eigi síðar en á árinu 2029. Okkar leiðarljós er að gott sé að eldast í Garðabæ og að áfram sé byggð upp öflug þjónusta fyrir eldri íbúa bæjarins með markvissum og ábyrgum hætti."

Þorbjörg Þorvaldsdóttir tók til máls og lagði fram svohljóðandi bókun:  
"Garðabæjarlistinn tekur undir bókanir bæði Viðreisnar og Sjálfstæðisflokks og lýsir yfir mikilli ánægju með fyrirhugaða uppbyggingu í þágu eldra fólks í Garðabæ."

Gunnar Valur Gíslason tók til máls.

Sigríður Hulda Jónsdóttir tók til máls.

Almar Guðmundsson tók til máls.

Bæjarstjórn staðfestir fyrirbyggjandi samkomulag milli Félags- og húsnæðismálaráðuneytisins og Garðabæjar um uppbyggingu hjúkrunarheimilis í Garðabæ fyrir allt að 100 ný rými.

### **13. 2601547 - Hjallastefnan, uppbygging á Vífilsstöðum**

Almar Guðmundsson tók til máls.

Sigríður Hulda Jónsdóttir tók til máls.

Þorbjörg Þorvaldsdóttir tók til máls.

Samningur um áherslur uppbyggingar skólasamfélags Hjallastefnunnar á Vífilsstöðum er samþykktur samhljóða.

### **14. 2603220 - Endurnýjun samstarfssamnings við Umf. Stjórnuna**

Hrannar Bragi Eyjólfsson tók til máls.

Harpa Þorsteinsdóttir tók til máls og lagði fram svohljóðandi bókun:  
"Bæjarfulltrúar í Garðabæjarlistanum og Viðreisn í Garðabæ vilja lýsa ánægju með að í nýjum samstarfssamningi við Stjórnuna sé sérstaklega kveðið á um að greina, móta og innleiða fjölgreinaafslátt. Við höfum í undanfarin ár lagt fram tillögur er varða innleiðingu á systkinaafslætti og fjölgreinaafslætti. Við höfum talað skýrt fyrir mikilvægi þess að börn og ungmenni hafi raunhæfar leiðir til að stunda fleiri en eina íþrótt án þess að kostnaður verði hindrun. Það er því fagnaðarefni að meirihlutinn hafi nú tekið undir þessa sýn og við teljum þetta mikilvægt skref í átt að fjölbreyttara og aðgengilegra íþróttastarfi fyrir öll börn."

Björg Fenger tók til máls.

Bæjarstjórn samþykkir endurnýjun samstarfssamnings og samnings um rekstur knattspyrnuvalla við UMF Stjórnuna með gildistíma til 31. desember 2028.

Fleira ekki gert.,  
Undirritun á næstu síðu.

Fundargerð bæjarstjórnar fimmtudaginn 19. mars 2026 upplestin í lok fundar og staðfest með undirritun viðstaddra bæjarfulltrúa.

Margrét Bjarnadóttir, (sign)  
Almar Guðmundsson, (sign)  
Björg Fenger, (sign)  
Sigríður Hulda Jónsdóttir, (sign)  
Hrannar Bragi Eyjólfsson, (sign)  
Gunnar Valur Gíslason, (sign)  
Harpa Rós Gísladóttir, (sign)  
Þorbjörg Þorvaldsdóttir, (sign)  
Harpa Þorsteinsdóttir, (sign)  
Brynja Dan Gunnarsdóttir, (sign)  
Guðlaugur Kristmundsson, (sign)

Fundargerð bæjarstjórnar Garðabæjar 19. mars 2026 er lesin upp í lok fundar og staðfest með undirritun viðstaddra bæjarfulltrúa.

Margrét Bjarnadóttir

Alma Guð

Björg Tónger

Janbjörg Þorvaldsd.

~~Þorvaldsd.~~

Sigríður Þorvaldsdóttir  
Guðmunda Guð

Hanna Rós Eiríksdóttir

Coulaugur Þorvaldsd.

Harður Þorvaldsd.

Harður Þorvaldsd.

**Bæjarráð Garðabæjar**  
**11. (2206). fundur 2026**

Þriðjudaginn 24. mars 2026 kl. 08:00 kom bæjarráð Garðabæjar saman til fundar í fundarsal bæjarstjórnar í Sveinatungu, Garðatorgi.

Fundinn sátu: Björg Fenger formaður, Sigríður Hulda Jónsdóttir varaformaður, Hrannar Bragi Eyjólfsson aðalmaður, Þorbjörg Þorvaldsdóttir aðalmaður, Brynja Dan Gunnarsdóttir aðalmaður, Rakel Steinberg Sölvadóttir varaáheyrnarfulltrúi, Almar Guðmundsson bæjarstjóri, Lúðvík Örn Steinarsson sviðsstjóri fjármála- og stjórnsýslusviðs, Svanhildur Þengilsdóttir sviðsstjóri velferðarsviðs, Linda Udengård sviðsstjóri fræðslu- og menningarsviðs og Guðbjörg Brá Gísladóttir sviðsstjóri umhverfissviðs.

Fundargerð ritaði: Lúðvík Örn Steinarsson, sviðsstjóri fjármála- og stjórnsýslusviðs.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

**1. 2511456 - Húsnæðisáætlun Garðabæjar 2026.**

Hrönn Hafliðadóttir, verkefnastjóri skipulagsmála á umhverfissviði og Snædís Björnsdóttir, lögfræðingur á velferðarsviði mættu á fund bæjarráðs og kynntu stöðu við vinnu húsnæðisáætlunar Garðabæjar.

**2. 2602054 - Hegranes 35 - Umsókn um byggingarheimild.**

Bæjarráð samþykkir afgreiðslu byggingarfulltrúa að veita Gunnari Hauki Stefánssyni, kt. 161072-4949, leyfi fyrir viðbyggingu einbýlishúss að Hegranesi 35.

**3. 2501205 - Víkurgata 2 - Umsókn um byggingarleyfi.**

Bæjarráð samþykkir afgreiðslu byggingarfulltrúa að veita Víkurgötu 2, húsfélagi, kt. 660419-1010, leyfi til að loka bílakjallara með fellihurð og gönguhurð ásamt að loka ljósopi í þaki bílakjallara, að Víkurgötu 2.

**4. 2601207 - Markarflöt 30 - Umsókn um byggingarheimild.**

Bæjarráð samþykkir afgreiðslu byggingarfulltrúa að veita Ómari Benediktssyni kt. 221059-4689, leyfi fyrir viðbyggingu við vesturhluta einbýlishúss, ásamt innri breytingum, að Markarflöt 30.

**5. 2603323 - Dalprýði 13 - Umsókn um byggingarheimild.**

Bæjarráð samþykkir afgreiðslu byggingarfulltrúa að veita Jóni Trausta Ólafssyni, kt. 090574-5669, leyfi til að taka í notkun lokað rými í einbýlishúsi að Dalprýði 13.

**6. 2602327 - Vetrarbraut 30 - Umsókn um byggingarleyfi.**

Bæjarráð samþykkir afgreiðslu byggingarfulltrúa að veita Garðabæ, kt. 570169-6109, leyfi til að innrétta austurhluta 2. hæðar fyrir sjúkrahjálfun, að Vetrarbraut 30.

**7. 2603255 - Tilkynning frá úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála um stjórnsýslukæru**

**vegna ákvörðunar bæjarstjórnar um deiliskipulag Vetrarmýrar og Smalaholts, dags. 12.03.26.**

Lögð fram kæra Geirs Jóns Grettissonar og Berthu Kristínar Jónsdóttur, Þorrasölum 9, Kópavogi til Úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála vegna ákvörðunar bæjarstjórnar Garðabæjar um deiliskipulaga við Vetrarmýri og Smalaholti sem birt var með auglýsingu í B-hluta Stjórnartíðinda með nr. 154/2026. Kæran beinist sérstaklega að ákvörðun um lagningu Vorbrautar við Þorrasali og tengingar hennar við gatnakerfi Kópavogs. Bæjarráð felur Juris lögmannsstofu að gæta hagsmuna bæjarins í málinu.

**8. 2603335 - Umsagnarbeiðni vegna umsóknar Garðabæjar um veitingaleyfi í Lambamýri.**

Lögð fram umsókn Garðabæjar um Veitingaleyfi í Flokki II - G Samkomusalir í fl. I að Lambamýri 1.

Bæjarráð gerir ekki athugasemdir við að umbeiðð leyfi verði veitt.

**9. 2603336 - Fyrirspurn Garðabæjarlistans um tekjutengda afslætti til barnafjölskyldna.**

Lögð fram fyrirspurn Garðabæjarlistans um tekjutengda afslætti til barnafjölskyldna, ásamt samantekt svara við fyrirspurninni.

Fleira ekki gert.,  
Undirritun á næstu síðu.

Fundargerð bæjarráðs Garðabæjar þriðjudaginn 24. mars 2026 upplesin í lok fundar og staðfest með undirritun viðstaddra bæjarfulltrúa.

Björg Fenger, (sign)

Sigríður Hulda Jónsdóttir, (sign)

Hrannar Bragi Eyjólfsson, (sign)

Þorbjörg Þorvaldsdóttir, (sign)

Brynja Dan Gunnarsdóttir, (sign)

Rakel Steinberg Sölvadóttir, (sign)

**Bæjarráð Garðabæjar**  
**12. (2207). fundur 2026**

Þriðjudaginn 31. mars 2026 kl. 08:00 kom bæjarráð Garðabæjar saman til fundar í fundarsal bæjarstjórnar í Sveinatungu, Garðatorgi.

Fundinn sátu: Hrannar Bragi Eyjólfsson aðalmaður, Margrét Bjarnadóttir varamaður, Gunnar Valur Gíslason varamaður, Þorbjörg Þorvaldsdóttir aðalmaður, Brynja Dan Gunnarsdóttir aðalmaður, Rakel Steinberg Sölvadóttir varaáheyrnarfulltrúi, Almar Guðmundsson bæjarstjóri, Lúðvík Örn Steinarsson sviðsstjóri fjármála- og stjórnsýslusviðs, Svanhildur Þengilsdóttir sviðsstjóri velferðarsviðs, Linda Udengárd sviðsstjóri fræðslu- og menningarsviðs, Guðbjörg Brá Gísladóttir sviðsstjóri umhverfissviðs, Ágúst Þór Guðmundsson sviðsstjóri þróunar- og þjónustusviðs og Guðný Hrönn Antonsdóttir samskipta- og kynningarfulltrúi.

Fundargerð ritaði: Lúðvík Örn Steinarsson, sviðsstjóri fjármála- og stjórnsýslusviðs.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

**1. 2511456 - Húsnæðisáætlun HMS 2026.**

Lögð fram húsnæðisáætlun Garðabæjar til 10 ára í samræmi við 1. gr. reglugerðar um húsnæðisáætlun sveitarfélaga nr. 1248/2018, sbr. breyting samkvæmt reglugerð nr. 1597/2022 og lögum um húsnæðismál nr. 44/1998. Bæjarráð vísar húsnæðisáætlun Garðabæjar 2026 til afgreiðslu bæjarstjórnar.

**2. 2603490 - Verklag vegna veðurviðvarana.**

Hulda Hauksdóttir, deildarstjóri þjónustu og stafrænnar þróunar, gerði grein fyrir verklagi Garðabæjar vegna veðurviðvarana.

**3. 2603439 - Sjúkraþjálfun Garðabæjar - samningur um leigu á rými í Miðgarði.**

Lögð fram drög að leigusamningi milli Garðabæjar og Sjúkraþjálfunar Garðabæjar fyrir aðstöðu heilsueflandi starfsemi í 600 fermetra rými á 2. hæð í Miðgarði.

Bæjarráð samþykkir að leggja til við bæjarstjórn að samþykkja fyrirbyggjandi samning og veita bæjarstjóra heimild til að undirrita samninginn fyrir hönd Garðabæjar.

**4. 2306167 - Friðarvellir 1 - samningur um lóðaúthlutun fyrir meðferðarheimili.**

Lagður fram samningur um úthlutun lóðar fyrir meðferðarheimili að Friðarvöllum. Um er að ræða um 10.000 fermetra lóð þar sem rísa mun um 1.300 fermetra hús. Jafnframt lagður fram makaskiptasamningur um Spítalaveg 2 og afsal fyrir sömu eign.

Bæjarráð samþykkir að fela bæjarstjóra að undirrita úthlutunarsamning um lóð fyrir meðferðarheimili fyrir hönd Garðabæjar. Þá felur bæjarráð sviðsstjóra fjármála- og stjórnsýslusviðs að undirrita makaskiptasamning og afsal fyrir Spítalaveg 2.

**5. 2409395 - Hestamannafélagið Sprettur - viljayfirlýsing.**

Bæjarráð samþykkir að veita bæjarstjóra umboð til þess að undirrita, f.h. Garðabæjar, viljayfirlýsingu Garðabæjar, Kópavogs og Hestamannafélagsins Sprettis vegna fyrirhugaðrar uppbyggingar félagshesthúss og skólastofu á félagssvæði Sprettis.

**6. 2509275 - Endurskoðun á stefnu Garðabæjar í málefnum fatlaðs fólks.**

Bæjarráð samþykkir að leggja til við bæjarstjórn að staðfesta endurskoðaða stefnu í málefnum fatlaðs fólks í Garðabæ.

**7. 2603474 - Umsókn Brynju leigufélags um stofnframlag.**

Bæjarráð samþykkir að leggja til við bæjarstjórn að verða við erindi Brynju leigufélags ses. um greiðslu sex stofnframlaga vegna kaupa á fjórum tveggja herbergja íbúðum og tveimur þriggja herbergja íbúðum í Garðabæ árið 2026. Áætlað kaupverð er 463,6 mkr. og nemur stofnframlag 12% eða 55,6 mkr.

**8. 2603255 - Úrskurður úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála vegna stjórnarsýslukæru í máli ÚUA nr. 2603004.**

Lagður fram úrskurður Úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála í máli nr. UUA2603004, þar sem hafnað er kröfu kæranda um frestun réttaráhrifa á grundvelli hinnar kærðu deiliskipulags-ákvörðunar.

**9. 2603213 - Opnun tilboða vegna jarðvinnu við búsetukjarna við Haustbraut.**

Eftirfarandi tilboð bárust í útboðsverkið "Jarðvinna fyrir 7 íbúða búsetukjarna ásamt starfsmannaaðstöðu við Haustbraut 2."

1. Karína ehf., kr. 16.777.100 (57%).
2. Svartaskarð ehf., kr. 20.153.900 (69%).
3. Gott verk ehf., kr. 20.671.900 (71%).
4. Dráttarvélar Vélaleiga ehf., kr. 22.507.920 (77%).
5. D-Ing-verk ehf., kr. 23.279.700 (79%).
6. F.T. ehf., kr. 25.024.900 (85%).
7. Grafa og grjót ehf., kr. 26.590.492 (91%).
8. Fagurverk ehf., kr. 26.961.000 (92%).
9. Urð og Grjót ehf., kr. 27.263.300 (93%).
10. Línuborun ehf., kr. 27.953.414 (95%).
11. Gleipnir verktakar ehf., kr. 32.000.000 (109%).
12. Emkan ehf., kr. 33.300.000 (114%).
13. Stjórnugarðar ehf., kr. 43.136.150 (147%).

Kostnaðaráætlun verkkaupa kr. 29.296.500. Bæjarráð samþykkir að taka tilboði lægstbjóðanda Karínu ehf. ehf., að fjárhæð kr. 16.777.100, (57% af kostnaðaráætlun).

Samþykktin er með fyrirvara um að uppfylltir séu allir skilmálar útboðsins og er sviðsstjóra umhverfissviðs falin afgreiðsla málsins. Vakin er athygli á að samkvæmt 86. gr. laga um opinber innkaup nr. 120/2016 þarf að líða 5 daga biðtími frá ákvörðun um töku tilboðs til gerðar samnings. Heimilt er að skjóta ákvörðun bæjarráðs til kærunefndar útboðsmála og er kærufrestur samkvæmt 106. gr. laga um opinber innkaup 20 dagar frá því að kæranda var eða mátti vera kunnugt um ofangreinda ákvörðun.

**10. 2603500 - Útboð með umsjón og eftirliti stækkunar Tónlistarskólans.**

Lögð fram útboðs- og verklýsing vegna umsjónar og eftirlit með framkvæmdum við stækkun Tónlistarskóla Garðabæjar.

Bæjarráð samþykkir fyrirbyggjandi útboðs- og verklýsingu og felur umhverfissviði framkvæmd

útboðsins fyrir hönd Garðabæjar.

**11. 2509209 - Umsókn um stöðuleyfi fyrir sauna hús.**

Bæjarráð samþykkir að leggja til við bæjarstjórn að samþykkja afgreiðslu skipulagsnefndar frá fundi 26. mars 2026 varðandi stöðuleyfi fyrir sauna hús. Sótt er um að fá leyfi til að koma fyrir færanlegu saunuhýsi við efra bílastæðið við Vífilsstaðavatn. Sú staðsetning sem lögð er til er utan friðlands Vífilsstaðavatns.

Skipulagsnefnd gerir ekki athugasemd við að byggingarfulltrúi veiti stöðuleyfi fyrir saunahýsi til 6 mánuða til reynslu enda er starfsemin innan svæðis sem er fyrirhugað til almennrar útivistar samkvæmt deiliskipulagi.

**12. 2603431 - Vínatræti 16 - Umsókn um byggingarheimild - Fl. 1.**

Bæjarráð samþykkir afgreiðslu byggingarfulltrúa að veita Norðurporti ehf., kt. 591115-0220 leyfi fyrir breytingum á innra skipulagi atvinnurýmis 01-02, að Vínarstræti 16.

**13. 2510328 - Hegranes 29 - Umsókn um byggingaráform og byggingarleyfi.**

Bæjarráð samþykkir afgreiðslu byggingarfulltrúa að veita Þórði Gísla Guðfinnssyni, kt. 010594-2279 leyfi fyrir breytingum á innra skipulagi einbýlishúss og stækkun svala, að Hegranesi 29.

**14. 2603492 - Bréf stjórnar kórs Vídalínskirkju um styrk vegna vorferðar um Snæfellsnes og tónleikahalds í Ólafsvíkirkirkju, dags. 26. mars 2026.**

Bæjarráð vísar bréfinu til afgreiðslu við úthlutun styrkja samkvæmt fjárhagsáætlun 2026.

Fleira ekki gert.,  
Undirritun á næstu síðu.

Fundargerð bæjarráðs Garðabæjar þriðjudaginn 31. mars 2026 upplesin í lok fundar og staðfest með undirritun viðstaddra bæjarfulltrúa.

Hrannar Bragi Eyjólfsson, (sign)  
Margrét Bjarnadóttir, (sign)  
Gunnar Valur Gíslason, (sign)  
Þorbjörg Þorvaldsdóttir, (sign)  
Brynja Dan Gunnarsdóttir, (sign)  
Rakel Steinberg Sölvadóttir, (sign)

**Bæjarráð Garðabæjar**  
**13. (2208). fundur 2026**

Þriðjudaginn 14. apríl 2026 kl. 08:00 kom bæjarráð Garðabæjar saman til fundar í fundarsal bæjarstjórnar í Sveinatungu, Garðatorgi.

Fundinn sátu: Björg Fenger formaður, Sigríður Hulda Jónsdóttir varaformaður, Hrannar Bragi Eyjólfsson aðalmaður, Þorbjörg Þorvaldsdóttir aðalmaður, Brynja Dan Gunnarsdóttir aðalmaður, Almar Guðmundsson bæjarstjóri, Lúðvík Örn Steinarsson sviðsstjóri fjármála- og stjórnsýslusviðs, Linda Udengård sviðsstjóri fræðslu- og menningarsviðs, Guðbjörg Brá Gísladóttir sviðsstjóri umhverfissviðs, Ágúst Þór Guðmundsson sviðsstjóri þróunar- og þjónustusviðs og Guðný Hrönn Antonsdóttir samskipta- og kynningarfulltrúi.

Fundargerð ritaði: Lúðvík Örn Steinarsson, sviðsstjóri fjármála- og stjórnsýslusviðs.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

**1. 2508513 - Ársreikningur Garðabæjar 2025**

Davíð Búi Halldórsson, löggiltur endurskoðandi, Arnór Orri Jóhannsson, löggiltur endurskoðandi, starfsmenn Enor og Lúðvík Hjalti Jónsson fjármálastjóri, mættu á fund bæjarráðs.

Davíð Búi Halldórsson, gerði grein fyrir rekstri bæjarins á árinu 2025, efnahagsreikningi í árslok og skýringum í ársreikningi. Fjallað var um lykiltölur og helstu niðurstöður.

Bæjarráð samþykkir framlagðan ársreikning Garðabæjar 2025 samkvæmt 3.mgr. 61.gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011. Ársreikningur er undirritaður af bæjastjóra og bæjarráði og vísað til afgreiðslu bæjarstjórnar. Fyrri umræða í bæjarstjórn er fyrirhuguð á fundi bæjarstjórnar 16. apríl 2026 og síðari umræða á fundi bæjarstjórnar 7. maí 2026.

**2. 2601382 - Vorbraut 6B - Umsókn um byggingarheimild**

Bæjarráð samþykkir afgreiðslu byggingarfulltrúa að veita Íslandsturnum Sendastöðum hf., kt. 430321-1450, leyfi fyrir uppsetningu á fjarskiptamastri að Vorbraut 6B.

**3. 2010080 - Afgreiðsla skipulagsnefndar - Aðalskipulag Garðabæjar 2016-2030. Breyting 6. Garðahverfi.**

Bæjarráð samþykkir að leggja til við bæjarstjórn að samþykkja afgreiðslu skipulagsnefndar frá fundi 10. apríl 2026 varðandi tillögu að breytingu Aðalskipulags Garðabæjar 2016-2030 sem nær til Garðahverfis og Garðaholts og hefur verið auglýst samhliða tillögu að breytingu deiliskipulags Garðahverfis.

Í tillögunni eru gerðar eftirfarandi breytingar:

Afmörkun Grænagarðs, 1.89 OP er breytt. Stækkun til vesturs, skerðing um íbúðarlóð í NV-horni.

Afmarkað stofnanasvæði 1.90 S fyrir samfélagsþjónustu/skólastarfsemi.

Afmörkun íbúðarsvæðis 1.76 Íb er breytt í samræmi við breytingu á afmörkun Grænagarðs.

Nýr tengistígur í Garðahverfi. Gönguleiðir við Garðakirkju skilgreindar sem tengistígar.

Auk þess er gerð eftirfarandi leiðrétting á aðalskipulagsupprætti:

Á staðfestum aðalskipulagsupprætti frá 2018 var svæði 1.81 M fyrir mistök einungis sýnt að

hluta, svæði 1.80 var ekki sýnilegt og auk þess rangmerkt S í stað ÍÐ. Prentuð útgáfa uppráttarins var leiðrétt nema landnotkunarmerking svæðis 1.80. Þessi atriði eru hér með færð í rétt horf og til samræmis við staðfesta greinargerð og auglýsta upprætti. Athugasemdir og umsagnir gefa ekki tilefni til breytinga á tillögunni. Skipulagsnefnd Garðabæjar samþykkir tillöguna sem breytingu Aðalskipulags Garðabæjar 2016-2030 óbreytta frá auglýstri tillögu.

**4. 2601486 - Afgreiðsla skipulagsnefndar - Birkiholt 14 - Stækkun byggingarreits - Fyrirspurn til umhverfissviðs.**

Bæjarráð samþykkir að leggja til við bæjarstjórn að samþykkja afgreiðslu skipulagsnefndar frá fundi 10. apríl 2026 varðandi fyrirspurn lóðarhafa að endaraðhúsinu Birkiholti 14 um hugmynd að útfærslu bílageymslu við norðurhlið raðhússins.

Skipulagsnefnd taldi að til greina komi að vísa tillögu þess efnis í grenndarkynningu ef að viðbygging fari ekki nær lóðarmörkum en 1 metri og að kvöð komi um gróður milli byggingarreits og lóðarmarka.

Skipulagsnefnd gerir ekki athugasemd við að skipulagsstjóri vísi umsókn um deiliskipulagsbreytingu til grenndarkynningar sem óverulegri breytingu deiliskipulags Breiðumýrar og norðanverðs Sviðholts. Sækja þarf um deiliskipulagsbreytingu.

**5. 2505354 - Afgreiðsla skipulagsnefndar - Teistunes 1 - byggingareitur - Fyrirspurn til umhverfissviðs.**

Bæjarráð samþykkir að leggja til við bæjarstjórn að samþykkja afgreiðslu skipulagsnefndar frá fundi 10. apríl 2026 varðandi fyrirspurn um tillögu að útfærslu breytinga á einbýlishúsinu að Teistunesi 1.

Skipulagsnefnd gerir ekki athugasemd við að skipulagsstjóri vísi tillögu að óverulegri deiliskipulagsbreytingu til grenndarkynningar sem er í samræmi við gögn sem fylgja fyrirspurn. Sækja þarf um deiliskipulagsbreytingu. Grenndarkynna skal eigendum Kríuness 1 og 4, Súluness 3 og 5 og Þernuness 3 og 5.

**6. 2601143 - Afgreiðsla skipulagsnefndar - Vesturhraun 3 - Deiliskipulagsbreyting.**

Bæjarráð samþykkir að leggja til við bæjarstjórn að samþykkja afgreiðslu skipulagsnefndar frá fundi 10. apríl 2026 varðandi tillögu að óverulegri breytingu deiliskipulags Molduhrauns sem nær til lóðarinnar Vesturhraun 3 að lokinni grenndarkynningu. Gert er ráð fyrir stækkun byggingarreits við húsgröf að sunnanverðu að götu. Einnig er gert ráð fyrir að ákvæði um veggþétt hækkni úr 7,5 í 8,35 m. Tillagan er sett fram á breytingarupprætti og fylgja með útlitsteikningar af fyrirhugaðri viðbyggingu.

Engar athugasemdir bárust.

Tillagan skoðast því samþykkt sem óveruleg breyting deiliskipulags Molduhrauns.

**7. 2603397 - Afgreiðsla skipulagsnefndar - Fífumýri 3 - Viðbygging - Fyrirspurn til umhverfissviðs.**

Bæjarráð samþykkir að leggja til við bæjarstjórn að samþykkja afgreiðslu skipulagsnefndar frá fundi 10. apríl 2026 varðandi fyrirspurn lóðarhafa að Fífumýri 3 um tillögur að breytingum á einbýlishúsinu.

Skipulagsnefnd gerir ekki athugasemd við að skipulagsstjóri vísi umsókn um byggingarleyfi fyrir breytingum í þá veru sem fyrirspurn lítur að í grenndarkynningu. Sækja þarf um byggingarleyfi og vera í samráði við byggingarfulltrúa og skipulagsstjóra um útfærslur og framsetningu grenndarkynna gagna. Grenndarkynna skal lóðarhöfum að Fífumýri 1, 2, 4, 5 og 6 sem og Engimýri 11, 13 og 15.

**8. 2601487 - Afgreiðsla skipulagsnefndar - Suðurhraun 6 og 10 - Deiliskipulagsbreyting.**

Bæjarráð samþykkir að leggja til við bæjarstjórn að samþykkja afgreiðslu skipulagsnefndar frá fundi 10. apríl 2026 varðandi tillögu að breytingu deiliskipulags Molduhrauns sem nær til lóðanna Suðurhraun 6 og 10 og fylgir umsókn um deiliskipulagsbreytingu. Einnig lagt fram minnisblað lóðarhafa um samnýtingu bílastæða og tillögu að kvöð um sameiginleg afnot bílastæða milli lóða sem þinglýst yrði í kjölfar deiliskipulagsbreytingar.

Tillagan gerir ráð fyrir eftirfarandi breytingum:

-Grunnflötur húsa verði 60% af flatarmáli lóðar í stað 50%.

-Heimilt er að hafa sameiginlega aðkomu að aðliggjandi lóðum. Þ.e. aka má yfir eina lóð til að komast að

annarri, í samræmi við þinglýstar kvaðir á útgefnum mæliblöðum.

-Heimilt er að samnýta bílastæði á aðliggjandi lóðum, þannig að bygging á lóð nr. 10 getur nýtt bílastæði sem

tilheyrir lóð nr. 6, í samræmi við þinglýstar kvaðir á útgefnum mæliblöðum.

-Ákvæði um að bílastæði skulu að jafnaði vera götumegin við hús og ákvæði um bindandi byggingarlínur fellt út þar sem það er ekki viðeigandi við Suðurhraun.

Skipulagsnefnd leggur til að eftirfarandi breytingar verði gerðar á tillögunni:

Í grein 2.2.2. standi: Hæðarkótar á jarðhæðum eru sýndir á hæðablöðum og er hámarkshæð frá gólfplötu jarðhæða í mæni 9,8 m. (Sú hæð er til samræmis við bygginguna sem fyrir er á lóðinni. Ákvæði um hæð þakbrúnar er því fellt út)

Í grein 2.1.4 Frágangur lóða bætist við: "Breidd kvaðar um gróðurbelti innan lóðar númer 10 skal ná að húshlið þar sem að byggingarreitur færist að götu. Ef gafl sem snýr að götu verður gluggalaus skal hugað vel að útliti hans og yfirbragði t.d. með uppbroti í efnisvali, hávöxnum trjategunum, klifurgróðri eða listaverki."

Skipulagsnefnd vísar tillögunni með ofangreindum breytingum til auglýsingar í samræmi við 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

**9. 2604150 - Útboð vegna gatnagerðar í Arnarlandi.**

Lögð fram útboðs- og verklýsing vegna útboðs vegna gatnagerðar í Arnarlandi.

Bæjarráð samþykkir fyrirbyggjandi útboðs- og verklýsingu og felur umhverfissviði framkvæmd útboðsins fyrir hönd Garðabæjar.

**10. 2603532 - Ályktun fulltrúafundar Skógræktarfélag Íslands, dags. 28.03.26.**

Lögð fram.

**11. 2603536 - Þjónustustefna um opinbera þjónustu ríkis og sveitarfélaga.**

Lögð fram.

**12. 2604036 - Aðalfundur Almenningsamgangna höfuðborgarsvæðisins 2026.**

Lagt fram fundarboð aðalfundar Almenningsamgangna höfuðborgarsvæðisins ohf., sem haldinn verður mánudaginn 20. apríl 2026.

**13. 2604148 - Bréf Umboðsmanns barna varðandi sveitarstjórnarkosningar og lýðræðislega þátttöku barna, dags. 10.04.26.**

Lagt fram bréf Umboðsmanns barna vegna sveitarstjórnarkosninga 2026 og lýðræðislegri þátttöku barna.

Bæjarráð vísar erindinu til úrvinnslu á fræðslu- og frístundasviði.

14. **2603520 - Beiðni Kvenfélags Garðabæjar varðandi aðstöðu fyrir kaffihlaðborð í Sveinatungu á 17. júní, dags. 21.03.26.**  
Bæjarráð tekur jákvætt í erindi um að hátíðarhlaðborð á 17. júní 2026 verði í Sveinatungu, fundarsal bæjarstjórnar ásamt því að vera á innitorgi á Garðatorgi. Bæjarráð vísar erindinu til afgreiðslu og úrlausnar bæjarstjóra.
15. **2604118 - Beiðni Sóknarnefndar Bessastaðasóknar um niðurfellingu fasteignagjalda 2026, dags. 07.04.26.**  
Bæjarráð samþykkir að veita Bessastaðasókn styrk að fjárhæð kr. 409.851 til greiðslu fasteignagjalda árið 2026.
16. **2603525 - Erindi Alþingis varðandi frumvarp til laga um breytingu á lögum um verndar- og orkunýtingaráætlun, 565. mál, dags 26.03.26.**  
Lagt fram.
17. **2603535 - Erindi Alþingis varðandi frumvarp til laga um stofnun atvinnuveganna, 568. mál, dags. 27.03.26.**  
Lagt fram.
18. **2603533 - Erindi Alþingis varðandi frumvarp til laga um einföldun regluverks og aukna skilvirkni eftirlits með hollustuháttum og mengunarvörnum, 582. mál, dags. 30.03.26.**  
Lagt fram.
19. **2603544 - Erindi Alþingis varðandi frumvörp til laga um lagareldi og lax og silungsveiði mál nr. 529 og 530, dags. 24.03.26.**  
Lagt fram.
20. **2601351 - Hönnun-útboð Lambamýri 2. áfangi - Frístundaþjónusta fyrir fötluð ungmenni**  
Eftirfarandi tilboð bárust í útboðsverkið "Félagsmiðstöð Lambamýri 1-3. Frágangur innanhúss.". Eftir yfirferð voru eftirgreindar tilboðsfjárhæðir:
1. Aðalvík ehf., kr. 79.459.659 (77%).
  2. All verk ehf., kr. 90.604.541 (88%).
  3. Verkás Brunnar ehf., kr. 97.622.98 (95%).
  4. Þingvangur ehf., kr. 97.880.988 (95%).
  5. B.Ó. Smiðir ehf., kr. 98.327.515 (95%).
  6. Sérverk ehf., kr. 99.430.034 (96%).
  7. Borg byggingarlausnir, kr. 102.014.968 (99%).
  8. Rætur verktakar ehf., kr. 119.219.829 (116%).
  9. E. Sigurðsson, ehf., kr. 132.514.453 (129%).
  10. Stormsverk ehf. -

Kostnaðaráætlun verkkaupa kr. 103.039.543. Bæjarráð samþykkir að taka tilboði lægstbjóðanda Aðalvíkur ehf., að fjárhæð kr. 79.459.659, (77% af kostnaðaráætlun).

Samþykktin er með fyrirvara um að uppfylltir séu allir skilmálar útboðsins og er sviðsstjóra

umhverfissviðs falin afgreiðsla málsins. Vakin er athygli á að samkvæmt 86. gr. laga um opinber innkaup nr. 120/2016 þarf að líða 5 daga biðtími frá ákvörðun um töku tilboðs til gerðar sammings. Heimilt er að skjóta ákvörðun bæjarráðs til kærufndar útboðsmála og er kærufrestur samkvæmt 106. gr. laga um opinber innkaup 20 dagar frá því að kæranda var eða mátti vera kunnugt um ofangreinda ákvörðun.

Fleira ekki gert,  
Undirritun á næstu síðu.

Fundargerð bæjarráðs Garðabæjar þriðjudaginn 14. apríl 2026 upplestin í lok fundar og staðfest með undirritun viðstaddra bæjarfulltrúa.

Björg Fenger, (sign)

Sigríður Hulda Jónsdóttir, (sign)

Hrannar Bragi Eyjólfsson, (sign)

Þorbjörg Þorvaldsdóttir, (sign)

Brynja Dan Gunnarsdóttir, (sign)

## Íþróttta- og tómstundaráð Garðabæjar 49. fundur 2026

Miðvikudaginn 8. apríl 2026 kl. 16:00 kom íþróttta- og tómstundaráð Garðabæjar saman til fundar í íþróttahúsinu Miðgarði.

Fundinn sátu: Hrannar Bragi Eyjólfsson formaður, Harpa Rós Gísladóttir aðalmaður, Guðjón Pétur Lýðsson aðalmaður, Lilja Lind Pálsdóttir varamaður, Hlynur Elías Bæringsson varamaður, Kári Jónsson íþróttta-,tómstunda- og forvarnarfulltrúi og Linda Udengård sviðsstjóri fræðslu- og menningarsviðs.

Fundargerð ritaði: Kári Jónsson, íþróttta-, tómstunda- og forvarnarfulltrúi.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

### 1. 2604031 - Vígsla fundarýma og setustofu á 2.h í Miðgarði

Fundarými og borðsalur á 2. hæð Miðgarðs voru formlega tekin í notkun 8. apríl sl. Aðstöðunni er ætlað að vera stöðrymi fyrir starfsemi félagsamtaka í Garðabæ. Þá er jafnframt lögð áhersla á að 2. hæð Miðgarðs þróist sem lifandi miðstöð þar sem kynslóðir mætast, efla tengsl sín og njóta samveru. Af þessu tilefni var 49. fundur ÍTG á kjörtímabilinu haldinn í hinu nýja rými.

### 2. 2404116 - Íþrótttaþing Samráðsfundur Íþróttafélaga Garðabæjar

ÍTG þakkar þátttakendum á íþrótttaþingi og vinnustofu íþróttta- og tómstundafélaga í Garðabæ, sem fram fór í Miðgarði 23. mars sl., fyrir gagnlegar umræður. Á þinginu kom fram að í Garðabæ væri öflugt og fjölbreytt íþróttta- og tómstundastarf, þar sem 22 íþróttta- og tómstundafélög starfa í bænum. Rætt var um mikilvægi þess að innviðir og aðstaða þróist áfram í góðu samræmi við fólksfjölgun og þarfir samfélagsins. Jafnframt var áréttað að þjónustan þurfi að ná til allra hópa, svo sem fatlaðra barna og ungmenna, og að áfram verði unnið að skýrri framtíðarsýn, bættri samhæfingu og auknu samstarfi milli félaganna.

### 3. 2604030 - Sumarnámskeið barna 2026

Upplýst var um framsetningu kynninga á sumarnámskeiðum barna í Garðabæ 2026 á vefnum "fristund.is". Unnið er að því að aðlaga vefinn að þörfum sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu varðandi útlit og leitarmöguleika. Þannig eiga öll námskeið sem sett eru upp hjá félögunum í Abler eða Völu að birtast sjálfkrafa inni í fristund.is. Foreldrar geta þá leitað að námskeiðstilboðum eftir póstnúmeri, tímabilum, áhugasvið og aldursviðmiði. Stefnt er að því að full virkni verði komin á fristund.is 23. apríl nk.

### 4. 2601351 - Hönnun - Útboð -Lambamýri 2. áfangi - Fristundaþjónusta fyrir fötluð ungmenni

Lögð var fram til kynningar útboðslýsing vegna innanhússfrágangs fyrir Félagsmiðstöð fatlaðra ungmenna í Garðabæ og fristundaþjónustu að Lambamýri 1?3. Málið var áður tekið fyrir á fundi bæjarráðs 17. mars sl., þar sem samþykkt var að fela umhverfissviði framkvæmd útboðsins fyrir hönd Garðabæjar. Félagsmiðstöð eldri borgara í Lambamýri hefur verið tekin í notkun og gefist vel. Samkvæmt útboðslýsingu er gert ráð fyrir verklokum 1. september 2026. Íþróttta- og tómstundaráð fagnar öfluglu félagsstarfi í bænum og lýsir ánægju með að Félagsmiðstöð fatlaðra ungmenna verði tekin í notkun í Garðabæ í haust.

Fleira ekki gert.  
Undirritun á næstu síðu.

**Leikskólanefnd Garðabæjar**  
**39. fundur 2026**

Miðvikudaginn 18. mars 2026 kl. 08:15 kom leikskólanefnd Garðabæjar saman til fundar í leikskólanum Urriðabóli við Holtsveg.

Fundinn sátu: Margrét Bjarnadóttir formaður, Inga Rós Reynisdóttir aðalmaður, Finnur Jónsson aðalmaður, Rakel Norðfjörð Vilhjálmsdóttir aðalmaður, Hanna Halldóra Leifsdóttir leikskólafulltrúi, Þorgerður Anna Arnardóttir fulltrúi skólalastjóra, Nicoleta Mihai fulltrúi starfsmanna og Ingi Örn Jónsson fulltrúi foreldra.

Fundargerð ritaði: Hanna Halldóra Leifsdóttir, leikskólafulltrúi.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

**1. 2603240 - Heimsókn leikskólanefndar í Urriðaból við Holtsveg**

Leikskólanefnd þakkar Jónínu Einarsdóttur leikskólalastjóra og Elsu Maríu Gunnarsdóttur fyrir móttöku og kynningu á starfsáherslum leikskólans.

**2. 2603024 - Erindi til leik- og grunnskólanefnda frá Hjallastefnunni**

Framkvæmdastjóri Hjallastefnunnar óskar eftir að færa einn af skipulagsdögum haustsins á skólalagatali skólaársins 2026-2027, það er skipulagsdagur 21. september verði færður til 9. október 2026, vegna sameiginlegs starfsdags Hjallastefnunnar. Leikskólanefnd bókar að Garðabær hefur samþykkt skólalagatöl tvö ár fram í tímann. Leikskólanefnd samþykkir erindið. Leikskólanefnd leggur áherslu að skipulagsdagar falli að sameiginlegu skólalagatali í leik- og grunnskólum Garðabæjar. Nefndin leggur til að samráð verði við Hjallastefnuna vegna skólalagatals fyrir 2027-2028.

Fleira ekki gert.

Undirritun á næstu síðu.

**Menningar- og safnanefnd Garðabæjar**  
**71. fundur 2026**

Fimmtudaginn 9. apríl 2026 kl. 08:30 kom menningar- og safnanefnd Garðabæjar saman til fundar í Hönnunarsafni við Garðatorg.

Fundinn sátu: Torfi Geir Símonarson formaður, Guðrún Arna Sturludóttir aðalmaður, Sveinbjörg Vilhjálmsdóttir aðalmaður, Rakel Norðfjörð Vilhjálmsdóttir aðalmaður og Ólöf Hulda Breiðfjörð menningarfulltrúi.

Fundargerð ritaði: Ólöf Breiðfjörð, menningarfulltrúi.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

**1. 2603139 - Bæjarlistamaður og heiðursviðurkenning 2026**

Menningar- og safnanefnd leggur til bæjarlistamann og heiðursviðurkenningarhafa sem lagt verður fyrir bæjarstjórn.

**2. 2603141 - Jazzþorpið í Garðabæ 2026**

Dagskrá Jazzþorpsins kynnt og farið yfir skipulag fyrir hátíðina.

Fleira ekki gert.

Undirritun á næstu síðu.

**Skipulagsnefnd Garðabæjar**  
**6. fundur 2026**

Fimmtudaginn 26. mars 2026 kl. 15:30 kom skipulagsnefnd Garðabæjar saman til fundar í Seylunni í Sveinatungu, Garðatorgi.

Fundinn sátu: Björg Fenger formaður, Kjartan Vilhjálmsson aðalmaður, Guðrún Dóra Brynjólfssdóttir aðalmaður, Baldur Ólafur Svavarsson aðalmaður, Guðlaugur Kristmundsson aðalmaður, Hlynur Elías Bæringsson áheyrnarfulltrúi, Arinbjörn Vilhjálmsson skipulagsstjóri, Anna Guðrún Gylfadóttir byggingarfulltrúi, Anna María Guðmundsdóttir verkefnastjóri, Guðbjörg Brá Gísladóttir sviðsstjóri umhverfissviðs og Hrönn Hafliðadóttir verkefnastjóri.

Fundargerð ritaði: Arinbjörn Vilhjálmsson, skipulagsstjóri.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

**1. 2512147 - Vífilsstaðir, deiliskipulag, 1.áfangi**

Sigbjörn Kjartansson og Bæring Bjarnar Jónsson hjá Glámu Kím gerðu grein fyrir drögum að deiliskipulagi 1. áfanga deiliskipulags Vífilsstaða.

Vísað til úrvinnslu hjá umhverfissviði og skipulagsráðgjöfum.

**2. 1903374 - Skipulag - Aðalskipulag Garðabæjar 2016-2030. Breyting 3. Norðurnes**

Lögð fram tillaga að breytingu aðalskipulags Garðabæjar sem nær til Norðurness að lokinni forkynningu.

Vísað til úrvinnslu hjá umhverfissviði og skipulagsráðgjöfum.

**3. 1803108 - Norðurnes Álftaness, deiliskipulag**

Lögð fram tillaga að deiliskipulagi Norðurness að lokinni forkynningu. Björn Guðbrandsson og Edda Kristín Einarsdóttir hjá Arkís og Þráinn Hauksson hjá Landslagi fóru yfir valkosti að mótun tillögunnar í kjölfar forkynningar.

Vísað til úrvinnslu hjá umhverfissviði og skipulagsráðgjörum.

**4. 2010080 - Aðalskipulag Garðabæjar 2016-2030. Breyting 6. Garðahverfi**

Lögð fram tillaga að breytingu Aðalskipulags Garðabæjar sem nær til Garðaholts og Garðahverfis að lokinni auglýsingu ásamt þeim athugasemdum og umsögnum sem borist hafa.

Vísað til úrvinnslu hjá umhverfissviði og skipulagsráðgjöfum.

**5. 2010078 - Garðahverfi. Tillaga að breytingu á deiliskipulagi Garðahverfis vegna lóðarmarka og byggingareita.**

Lögð fram tillaga að breytingu deiliskipulags Garðahverfis að lokinni auglýsingu ásamt þeim athugasemdum og umsögnum sem borist hafa. Vísað til úrvinnslu hjá umhverfissviði og skipulagsráðgjöfum.

**6. 2601206 - Hraunhólar 6A - Umsókn um byggingarleyfi - Fl. 2**

Lögð fram tillaga að óverulegri breytingu deiliskipulags Hraunsholts eystra sem nær til lóðarinnar Hraunhólar 6A að lokinni grenndarkynningu ásamt þeim athugasemdum sem borist hafa.

Vísað til úrvinnslu hjá umhverfissviði.

**7. 2509209 - Umsókn um stöðuleyfi fyrir sauna hús**

Lögð fram umsókn um stöðuleyfi fyrir sauna hús. Sótt er um að fá leyfi til að koma fyrir færanlegu saunuhýsi við efra bílastæðið við Vífilsstaðavatn. Sú staðsetning sem lögð er til er utan friðlands Vífilsstaðavatns.

Skipulagsnefnd gerir ekki athugasemd við að byggingarfulltrúi veiti stöðuleyfi fyrir saunahýsi til 6 mánuða til reynslu enda er starfsemin innan svæðis sem er fyrirhugað til almennrar útivistar samkvæmt deiliskipulagi.

**8. 2601487 - Suðurhraun 10 - Deiliskipulagsbreyting**

Lögð fram umsókn um breytingu deiliskipulags Molduhrauns sem nær til athafnalóðanna Suðurhrauns 8 og 10.

Vísað til úrvinnslu hjá umhverfissviði og skipulagsráðgjafa.

**9. 2511456 - Húsnæðisáætlun Garðabæjar 2026**

Húsnæðisáætlun Garðabæjar lögð fram.

**10. 2311400 - Hjólreiðastefna Garðabæjar**

Hjólreiðastefnu Garðabæjar lögð fram.

**11. 2602075 - Deiliskipulag Hraun vegna Stapahrauns 8-10 og Flathrauns 27**

Skipulagsnefnd Garðabæjar gerir ekki athugasemd við tillöguna.

Fleira ekki gert.

Undirritun á næstu síðu.

## **Skipulagsnefnd Garðabæjar**

### **7. fundur 2026**

Föstudaginn 10. apríl 2026 kl. 08:00 kom skipulagsnefnd Garðabæjar saman til fundar í turnherbergi 3. hæð á bæjarskrifstofunum við Garðatorg.

Fundinn sátu: Björg Fenger formaður, Kjartan Vilhjálmsson aðalmaður, Guðrún Dóra Brynjólfssdóttir aðalmaður, Hlynur Elías Bæringsson áheyrnarfulltrúi, Ingvar Arnarson varamaður, Arinbjörn Vilhjálmsson skipulagsstjóri, Guðbjörg Brá Gísladóttir sviðsstjóri umhverfissviðs og Hrönn Hafliðadóttir verkefnastjóri.

Fundargerð ritaði: Arinbjörn Vilhjálmsson, skipulagsstjóri.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

#### **1. 1903374 - Skipulag - Aðalskipulag Garðabæjar 2016-2030. Breyting 3. Norðurnes**

Lögð fram tillaga að breytingu Aðalskipulags Garðabæjar 2016-2030 að lokinni forkynningu ásamt innkomnum ábendingum og umsögnum. Tillagan nær til Norðurness á Álftanesi.

Umhverfissvið mun funda með sérfræðingum Veðurstofunnar á næstu dögum til þess að ræða ákvæði um lágmarkshæðarlegu nýbygginga á Álftanesi sem sett er fram í aðalskipulagi. Vísað til úrvinnslu hjá umhverfissviði og skipulagsráðgjöfum.

#### **2. 1803108 - Norðurnes Álftaness, deiliskipulag**

Lögð fram tillaga að deiliskipulagi Norðurness að lokinni forkynningu ásamt innkomnum ábendingum og umsögnum. Breytingar hafa verið gerðar á tillögunni í kjölfar ábendinga og umsagna.

Umhverfissvið mun funda með sérfræðingum Veðurstofunnar á næstu dögum til þess að ræða ákvæði um lágmarkshæðarlegu nýbygginga á Álftanesi sem sett er fram í aðalskipulagi. Einnig er búið að boða til fundar með forsetaembættinu vegna tillögunnar. Vísað til úrvinnslu hjá umhverfissviði og skipulagsráðgjöfum.

#### **3. 2010080 - Aðalskipulag Garðabæjar 2016-2030. Breyting 6. Garðahverfi**

Lögð fram tillaga að breytingu Aðalskipulags Garðabæjar 2016-2030 sem nær til Garðahverfis og Garðaholts og hefur verið auglýst samhliða tillögu að breytingu deiliskipulags Garðahverfis. Í tillögunni eru gerðar eftirfarandi breytingar:

Afmörkun Grænagarðs, 1.89 OP er breytt. Stækkun til vesturs, skerðing um íbúðarlóð í NV-horni.

Afmarkað stofnanasvæði 1.90 S fyrir samfélagsþjónustu/skólustarfsemi.

Afmörkun íbúðarsvæðis 1.76 Íb er breytt í samræmi við breytingu á afmörkun Grænagarðs.

Nýr tengistígur í Garðahverfi. Gönguleiðir við Garðakirkju skilgreindar sem tengistígar.

Auk þess er gerð eftirfarandi leiðrétting á aðalskipulagsupprætti:

Á staðfestum aðalskipulagsupprætti frá 2018 var svæði 1.81 M fyrir mistök einungis sýnt að hluta, svæði 1.80 var ekki sýnilegt og auk þess rangmerkt S í stað ÍP. Prentuð útgáfa upprættarins var leiðrétt nema landnotkunarmerking svæðis 1.80. Þessi atriði eru hér með færð í rétt horf og til samræmis við staðfesta greinargerð og auglýsta upprætti. Á „gildandi skipulagi“ eru umræddar villur sýndar.

Athugasemdir og umsagnir lagðar fram.

Athugasemdir og umsagnir gefa ekki tilefni til breytinga á tillögum.  
Skipulagsnefnd Garðabæjar samþykkir tillöguna sem breytingu Aðalskipulags Garðabæjar 2016-2030 óbreytta frá auglýstri tillögu.

**4. 2010078 - Garðahverfi. Tillaga að breytingu á deiliskipulagi Garðahverfis vegna lóðarmarka og byggingareita.**

Lögð fram tillaga að breytingu deiliskipulags Garðahverfis að lokinni auglýsingu ásamt umsögnum og athugasemdum sem borist hafa. Lögð fram greining skipulagsráðgjafa á athugasemdum og umsögnum ásamt tillögu að viðbrögðum.  
Vísað til skoðunar hjá umhverfissviði.

**5. 2601486 - Birkiholt 14 - Stækkun byggingarreits - Fyrirspurn til umhverfissviðs**

Lögð fram fyrirspurn lóðarhafa að endaraðhúsinu Birkiholti 14 um hugmynd að útfærslu bílageymslu við norðurhlíð raðhússins.

Svar: Skipulagsnefnd telur að til greina komi að vísa tillögu þess efnis í grenndarkynningu ef að viðbygging fari ekki nær lóðarmörkum en 1 metri og að kvöð komi um gróður milli byggingarreits og lóðarmarka.

Skipulagsnefnd gerir ekki athugasemd við að skipulagsstjóri vísi umsókn um deiliskipulagsbreytingu til grenndarkynningar sem óverulegri breytingu deiliskipulags Breiðumýrar og norðanverðs Sviðholts. Sækja þarf um deiliskipulagsbreytingu.

**6. 2505198 - Móaföt 12 - Umsókn um byggingaráform og byggingarleyfi**

Lögð fram umsókn um byggingaráform og byggingarleyfi fyrir breytingum á einbýlishúsinu á Móaföt 12.

Vísað til skoðunar hjá umhverfissviði.

**7. 2603543 - Olís Hafnarfjarðarvegi - Deiliskipulagsbreyting**

Lögð fram umsókn um breytingu deiliskipulags fyrir lóð Olís við Hafnarfjarðarveg.

Vísað til skoðunar hjá umhverfissviði.

**8. 2505354 - Teistunes 1 - byggingareitur - Fyrirspurn til umhverfissviðs**

Lögð fram fyrirspurn um tillögu að útfærslu breytinga á einbýlishúsinu að Teistunesi 1. Skipulagsnefnd gerir ekki athugasemd við að skipulagsstjóri vísi tillögu að óverulegri deiliskipulagsbreytingu til grenndarkynningar sem er í samræmi við gögn sem fylgja fyrirspurn. Sækja þarf um deiliskipulagsbreytingu. Grenndarkynna skal eigendum Kríuness 1 og 4, Súluness 3 og 5 og Þernuness 3 og 5.

**9. 2603397 - Fífumýri 3 - Viðbygging - Fyrirspurn til umhverfissviðs**

Lögð fram fyrirspurn lóðarhafa að Fífumýri 3 um tillögur að breytingum á einbýlishúsinu.

Skipulagsnefnd gerir ekki athugasemd við að skipulagsstjóri vísi umsókn um byggingarleyfi fyrir breytingum í þá veru sem fyrirspurn lítur að í grenndarkynningu. Sækja þarf um byggingarleyfi og vera í samráði við byggingarfulltrúa og skipulagsstjóra um útfærslur og framsetningu grenndarkynntra gagna. Grenndarkynna skal lóðarhöfum að Fífumýri 1, 2, 4, 5 og 6 sem og Engimýri 11, 13 og 15.

Kjartan Vilhjálmsson vék af fundi undir þessum lið.

**10. 2603010 - Vorbraut 61 - Fyrirspurn til umhverfissviðs**

Lögð fram fyrirspurn eigenda raðhúslengjunnar Vorbraut 53 til 61 um tillögu að breytingu á lóðarmörkum, legu stíga og Vorbrautar til samræmis við breyttar tillögur um legu Vorbrautar. Svar: Niðurstaða skoðunar umhverfissviðs, lagnahönnuða og gatnahönnuða er því miður sú að ekki er unnt að gera breytingar á stígum og lagnaleiðum eins og tillagan hefði kallað á. Svárið er því neikvætt.

#### 11. 2601143 - Vesturhraun 3 - Deiliskipulagsbreyting

Lögð fram tillaga að óverulegri breytingu deiliskipulags Molduhrauns sem nær til lóðarinnar Vesturhraun 3 að lokinni grenndarkynningu. Gert er ráð fyrir stækkun byggingarreits við húsgafl að sunnanverðu að götu. Einnig er gert ráð fyrir að ákvæði um vegg hæð hækki úr 7,5 í 8,35 m. Tillagan er sett fram á breytingaruppdraetti og fylgja með útlitsteikningar af fyrirhugaðri viðbyggingu.

Engar athugasemdir bárust.

Tillagan skoðast því samþykkt sem óveruleg breyting deiliskipulags Molduhrauns.

#### 12. 2601487 - Suðurhraun 10 - Deiliskipulagsbreyting

Lögð fram tillaga að breytingu deiliskipulags Molduhrauns sem nær til lóðanna Suðurhraun 6 og 10 og fylgir umsókn um deiliskipulagsbreytingu. Einnig lagt fram minnisblað lóðarhafa um samnýtingu bílastæða og tillögu að kvöð um sameiginleg afnot bílastæða milli lóða sem þinglýst yrði í kjölfar deiliskipulagsbreytingar.

Tillagan gerir ráð fyrir eftirfarandi breytingum:

-Grunnflötur húsa verði 60% af flatarmáli lóðar í stað 50%.

-Heimilt er að hafa sameiginlega aðkomu að aðliggjandi lóðum. Þ.e. aka má yfir eina lóð til að komast að

annarri, í samræmi við þinglýstar kvaðir á útgefnum mæliblöðum.

-Heimilt er að samnýta bílastæði á aðliggjandi lóðum, þannig að bygging á lóð nr. 10 getur nýtt bílastæði sem

tilheyrir lóð nr. 6, í samræmi við þinglýstar kvaðir á útgefnum mæliblöðum.

-Ákvæði um að bílastæði skulu að jafnaði vera götumegin við hús og ákvæði um bindandi byggingarlínur fellt út þar sem það er ekki viðeigandi við Suðurhraun.

Skipulagsnefnd leggur til að eftirfarandi breytingar verði gerðar á tillögunni:

Í grein 2.2.2. standi: Hæðarkótar á jarðhæðum eru sýndir á hæðablöðum og er hámarkshæð frá gólfplötu jarðhæða í mæni 9,8 m. (Sú hæð er til samræmis við bygginguna sem fyrir er á lóðinni. Ákvæði um hæð þakbrúnar er því fellt út)

Í grein 2.1.4 Frágangur lóða bætist við: "Breidd kvaðar um gróðurbelti innan lóðar númer 10 skal ná að húshlið þar sem að byggingarreitur færir að götu. Ef gafl sem snýr að götu verður gluggalaus skal hugað vel að útliti hans og yfirbragði t.d. með uppbroti í efnisvali, hávöxnum trjategundum, klifurgróðri eða listaverki." d

Skipulagsnefnd vísar tillögunni með ofangreindum breytingum til auglýsingar í samræmi við 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

#### 13. 2602060 - Stöðuleyfi fyrir gufubaðshús á Álftanesi - Fyrirspurn til umhverfissviðs

Fyrirspurn vísað til úrvinnslu hjá umhverfissviði.

Fleira ekki gert.

Undirritun á næstu síðu.

**Skólanefnd grunnskóla Garðabæjar**  
**38. fundur 2026**

Miðvikudaginn 18. mars 2026 kl. 15:00 kom skólanefnd grunnskóla Garðabæjar saman til fundar í Sveinatungu, Garðatorgi.

Fundinn sátu: Sigríður Hulda Jónsdóttir formaður, Jóhann Steinar Ingimundarson aðalmaður, Bryndís Björk Ásgeirsdóttir aðalmaður, Rakel Norðfjörð Vilhjálmsdóttir varamaður, Hulda Gísladóttir varamaður, Tamar Klara Lipka Þormarsdóttir áheyrnarfulltrúi, Edda Björg Sigurðardóttir grunn- og tónlistarskólafulltrúi og Linda Udengård sviðsstjóri fræðslu- og menningarsviðs.

Fundargerð ritaði: Edda Björg Sigurðardóttir, grunn- og tónlistarskólafulltrúi Garðabæjar.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

**1. 2510245 - Þróunarsjóður grunnskóla 2026-2027**

Úthlutað var úr Þróunarsjóði grunnskóla 2026. Skólanefnd leggur til við bæjarráð að úthlutað verði úr Þróunarsjóði Garðabæjar kr. 28.000.000.-, í samræmi við reglur sjóðsins. Að þessu sinni bárust 25 umsóknir, sótt var um var um kr. 57.631.860.- Allar umsóknir voru teknar til afgreiðslu, 20 verkefni fengu úthlutað. Skólastjórnendur komu sem gestir á fundinn og kynntu sínar umsóknir. Skólanefnd fagnar fjölda áhugaverðra umsókna sem bera vitni um metnaðarfullt og framsækið skólastarf í Garðabæ og hvetur þá sem ekki fengu úthlutað að þessu sinni að sækja um að ári liðnu.

**2. 2603121 - Þróunarsjóður grunnskóla - 2026 Lærum saman- jafningjakennsla i lestri og stærðfræði**

**3. 2603120 - Þróunarsjóður grunnskóla 2026 Litlar sögur - stór framfaraskref Undirtitill: Daglegt ritunarkerfi fyrir yngsta stig grunnskóla (þróað í 2.-3.bekk)**

**4. 2603118 - Þróunarsjóður grunnskóla 2026 Regnboga Ritun, Skapandi ritun- og orðaforðavinna í 1.-4. bekk.**

**5. 2603117 - Þróunarsjóður grunnskóla 2026 Komdu inn - Stuðningsúrræði fyrir skólasókn og skólahegðun**

**6. 2603116 - Þróunarsjóður grunnskóla 2026 Útiöldun með unglíngum í skóla- og frístundastarfi**

**7. 2603115 - Þróunarsjóður grunnskóla 2026 Vinir lesa saman - PALS lestrarkennsluaðferð**

**8. 2603114 - Þróunarsjóður grunnskóla 2026 Hænuungar í frístund - lærdómur um ábyrgð og umhyggju**

9. 2603112 - Þróunarsjóður grunnskóla 2026 Heilræði vikunnar
10. 2603037 - Þróunarsjóður grunnskóla 2026 Að lesa til að læra - lokakaflinn í innleiðingu gangreyndra kennsluhátta í Urriðaholtsskóla
11. 2603026 - Þróunarsjóður grunnskóla 2026 Brjótum múra á milli námsfélaga
12. 2602510 - Þróunarsjóður grunnskóla 2026 "Samskiptabankinn" - verkefnabanki fyrir félagsfærniþjálfun
13. 2602509 - Þróunarsjóður grunnskóla 2026 Kennslumyndbönd í náttúrugreinum fyrir miðstig
14. 2602507 - Þróunarsjóður grunnskóla 2026 Móttaka nemenda af erlendum uppruna
15. 2602500 - Þróunarsjóður grunnskóla 2026 Móttaka og þjálfun nýrra starfsmanna
16. 2602497 - Þróunarsjóður grunnskóla 2026 Útikennsla
17. 2602466 - Þróunarsjóður grunnskóla 2026 Leiðsagnarnám sem grunnur að markvissri bekkjarstjórnun - stigvaxandi innleiðing yfir skólaár
18. 2602465 - Þróunarsjóður grunnskóla 2026 Velliðan í Garðabæ
19. 2602370 - Þróunarsjóður grunnskóla 2026 Gerum íslenskuna sýnilega á unglingsstigi.
20. 2602367 - Þróunarsjóður grunnskóla 2026 Fyrstu skrefin í lesskilningsþjálfun
21. 2602308 - Þróunarsjóður grunnskóla 2026 Fíásól, samstarf heimilis og skóla
22. 2602241 - Þróunarsjóður grunnskóla 2026 Standandi stærðfræði - Hugsandi skólastofa á miðstigi í Flataskóla
23. 2602236 - Þróunarsjóður grunnskóla 2026 Skapandi bókaklúbbur - læsi, samkennd og skapandi miðlun.
24. 2603233 - Þróunarsjóður grunnskóla 2026, Rafrænn prófa- og verkefnabanki - framhaldsstyrkur
25. 2603232 - Þróunarsjóður grunnskóla 2026, Jákvæð bekkjarstjórnun, skýrt skipulag kennslutunda og uppbyggilegur agi í 8.-10. bekk

26. **2603230 - Þróunarsjóður grunnskóla 2026, Velliðan í forgrunni, þróun heimilislegs námsumhverfis fyrir nemendur í 8.-10.bekk**

Fleira ekki gert.

Undirritun á næstu síðu.

**Skólanefnd grunnskóla Garðabæjar**  
**39. fundur 2026**

Miðvikudaginn 25. mars 2026 kl. 08:00 kom skólanefnd grunnskóla Garðabæjar saman til fundar í Sveinatungu, Garðatorgi.

Fundinn sátu: Sigríður Hulda Jónsdóttir formaður, Jóhann Steinar Ingimundarson aðalmaður, Lilja Hrund Ava Lúðvíksdóttir varamaður, Hannes Ingi Geirsson aðalmaður, Hjördís Guðný Guðmundsdóttir aðalmaður, Tamar Klara Lipka Þormarsdóttir áheyrnarfulltrúi, Edda Björg Sigurðardóttir grunn- og tónlistarskólafulltrúi, Linda Udengård sviðsstjóri fræðslu- og menningarsviðs, Anna María Skúladóttir fulltrúi skólastjóra, Ragnheiður Stephensen fulltrúi kennara og Vera Rut Ragnarsdóttir fulltrúi foreldra.

Fundargerð ritaði: Edda Björg Sigurðardóttir, grunn- og tónlistarskólafulltrúi Garðabæjar.

Nefndamenn samþykktu tillögu formanns, að bæta tölulið 5 við dagskrá.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

**1. 2304498 - Innleiðing farsældar í Garðabæ**

Verkefnastjóri farsældar í Garðabæ, Sólveig Norðfjörð kynnti stöðu innleiðingar í Garðabæ.

**2. 2510245 - Þróunarsjóður grunnskóla 2026-2027**

Lagt var fram til kynningar upplýsingar um úthlutun úr Þróunarsjóði grunnskóla Garðabæjar 2026. Að þessu sinni bárust 25 umsóknir, sótt var um kr. 57.631.860.- Allar umsóknir voru teknar til afgreiðslu, 20 verkefni fengu úthlutað. Skólanefnd lagði til við bæjarráð að úthlutað yrði úr Þróunarsjóði Garðabæjar kr. 28.000.000.-, í samræmi við reglur sjóðsins. Skólanefnd fagnar fjölda áhugaverðra umsókna sem bera vitni um metnaðarfullt og framsækið skólastarf í Garðabæ og hvetur þá sem ekki fengu úthlutað að þessu sinni að sækja um að ári liðnu.

**3. 2603024 - Erindi til leik- og grunnskólanefnda frá Hjallastefnunni**

Framkvæmdastjóri Hjallastefnunnar óskar eftir að færa einn af skipulagsdögum haustsins á skóladagatali skólaársins 2026-2027, það er skipulagsdaginn 21. september verði færður til 9. október 2026, vegna sameiginlegs starfsdags Hjallastefnunnar. Skólanefnd bókar að Garðabær hefur samþykkt skóladagatöl tvö ár fram í tímann. Skólanefnd samþykkir erindið enda tryggi skólinn opnun frístundaheimilisins og þjónustu fyrir þá nemendur sem á því þurfa að halda. Skólanefnd leggur áherslu að skipulagsdagar falli að sameiginlegu skóladagatali í leik- og grunnskólum Garðabæjar.

**4. 2603025 - Erindi til skólanefndar frá Flataskóli**

Skólanefnd samþykkir erindi Flataskóla miðað við gefnar forsendar.

**5. 2601547 - Hjallastefnan, uppbygging á Vífilsstöðum**

Sigríður Hulda Jónsdóttir, formaður skólanefndar grunnskóla og Linda Udengaard sviðsstjóri fræðslu- og frístundasviðs kynntu ný undirritaðan samning við Hjallastefnuna. Samningurinn felur í sér frekari uppbyggingu Hjallastefnunnar á Vífilsstöðum. Skólanefnd fagnar faglegu og fjölbreyttu námsumhverfi barna.

Fleira ekki gert.  
Undirritun á næstu síðu.

## Ungmennaráð Garðabæjar

### 4. fundur 2026

Fimmtudaginn 19. mars 2026 kl. 15:30 kom ungmennaráð Garðabæjar saman til fundar í fundarsal bæjarstjórnar í Sveinatungu, Garðatorgi.

Fundinn sátu: Anna Kristín Elmarsdóttir, Heiða Bríet Andradóttir, Emelía Ósk Hauksdóttir, María Draumey Kjærnested, Freyja Huginsdóttir, Ester Helga Helgadóttir, Una Kristjana Hannesdóttir, Embla Björk Stefánsdóttir, Tómas Þór Jacobsen og Lúðvík Örn Steinarsson sviðsstjóri fjármála- og stjórnsýslusviðs.

Fundargerð ritaði: Lúðvík Örn Steinarsson, sviðsstjóri fjármála- og stjórnsýslusviðs.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

#### 1. **2603332 - Ungmennaráð Garðabæjar - 4 (19.03.2026) - Fundur ungmennaráðs með bæjarstjórn**

Margrét Bjarnadóttir, forseti bæjarstjórnar, bauð ungmennaráð Garðabæjar velkomið til fundar ráðsins með bæjarstjórn.

Málefni til umræðu:

Hvatapeningar

Til máls tóku:

Emelía Ósk Hauksdóttir, Ester Helga Helgadóttir, Embla Björk Stefánsdóttir af hálfu ungmennaráðs og bæjarfulltrúarnir Þorbjörg Þorvaldsdóttir, Harpa Rós Gísladóttir og Harpa Þorsteinsdóttir.

Opnunartími sundlauga

Til máls tóku:

Anna Kristín Elmarsdóttir, Helgi Freyr Davíðsson, Tómas Björn Guðmundsson úr ungmennaráði og bæjarfulltrúarnir Björg Fenger, Brynja Dan Gunnarsdóttir og Harpa Þorsteinsdóttir.

Fræðsla í skólum.

Til máls tóku:

Freyja Huginsdóttir, Eva María Friðbergsdóttir, Vilhjálmur Vilhjálmsson og Heiða Bríet Andradóttir frá ungmennaráði og bæjarfulltrúarnir Guðlaugur Kristmundsson, Þorbjörg Þorvaldsdóttir, Almar Guðmundsson og Harpa Rós Gísladóttir.

Farsæld barna - öryggi barna.

Til máls tóku:

María Draumey, Ndeshipanda Maggy, Una Hannesdóttir og Eva María Friðbergsdóttir frá ungmennaráði og bæjarfulltrúarnir Gunnar Valur Gíslason, Guðlaugur Kristmundsson og Sigríður Hulda Jónsdóttir.

Almar Guðmundsson þakkaði ungmennaráði fyrir metnaðarfulla vinnu og góðan fund.

Í lok fundar þakkaði forseti bæjarstjórnar fulltrúum í ungmennaráði fyrir málefnalegar og áhugaverðar umræður. Forseti hvatti fulltrúa ungmennaráðs til dádá og góðra verka fyrir unga fólkið í Garðabæ.

Fleira ekki gert.  
Undirritun á næstu síðu.

**Velferðarráð Garðabæjar**  
**3. fundur 2026**

Föstudaginn 20. mars 2026 kl. 08:15 kom velferðarráð Garðabæjar saman til fundar í Búrfelli í Sveinatungu, Garðatorgi.

Fundinn sátu: Gunnar Valur Gíslason formaður, Sturla D Þorsteinsson aðalmaður, María Guðjónsdóttir aðalmaður, Þorbjörg Þorvaldsdóttir aðalmaður, Rakel Steinberg Sölvadóttir aðalmaður, Svanhildur Þengilsdóttir sviðsstjóri velferðarsviðs, Snædís Björnsdóttir lögfræðingur og Pála Marie Einarsdóttir deildarstjóri.

Fundargerð ritaði: Svanhildur Þengilsdóttir, sviðsstjóri velferðarsviðs.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

**1. 2509275 - Endurskoðun á stefnu Garðabæjar í málefnum fatlaðs fólks**

Lokadrög að endurskoðaðri stefnu Garðabæjar í málefnum fatlaðs fólks lögð fram. Velferðarráð samþykkir fyrirbyggjandi drög og vísar stefnunni til umfjöllunar í bæjarráði. Jafnframt verður stefnan send samráðshópi um málefni fatlaðs fólks til upplýsingar.

**2. 2509271 - Frístundaþjónusta fatlaðra ungmenna**

Upplýsingar um stöðu framkvæmda vegna frístundaþjónustu fatlaðra ungmenna lagðar fram til umræðu.

**3. 2410319 - Búsetuúrræði fyrir fatlað fólk í Hnoðraholti**

Staða verkefnis og næstu skref í framkvæmd til umræðu og kynningar.

**4. 2603272 - Skammtímadvöl fatlað barn**

Velferðarráð samþykkir að veita undanþágu frá 8. gr. reglna um notendastýrða persónulega aðstoð fyrir fatlað fólk í Garðabæ. Nánar er bókað um málið í trúnaðarmálahluta fundargerðar.

**5. 2101189 - Samráðsfundir velferðasviða hjá SSH**

Fundargerð samráðsfundar velferðarsviða hjá SSH í mars lögð fram til kynningar.

**6. 2603007 - Frumkvæðisathugun á eftirlitsskyldum barnaverndarþjónusta vegna barna í fóstri**

Frumkvæðisathugun Gæða- og eftirlitsstofnunar velferðarmála á eftirlitsskyldri barnaverndarþjónustu vegna barna í fóstri lögð fram til kynningar.

**7. 2511456 - Húsnæðisáætlun Garðabæjar 2026**

Drög að stafrænni húsnæðisáætlun Garðabæjar 2026 lögð fram til kynningar og umræðu.

Fleira ekki gert.  
Undirritun á næstu síðu.

## 42. fundur Heilbrigðisnefndar Garðabæjar, Hafnarfjarðar, Kópavogs, Mosfellsbæjar og Seltjarnarness

Dagsetning: 24.2.2026

Fundartími: 16:30 – 17:30

Mætt til fundar:

Svanur Karl Grjetarsson formaður

Bjarni Ingimarsson aðalmaður

Linda Hrönn Þórisdóttir aðalmaður

Hannes Tryggvi Hafstein aðalmaður

Ingibjörg Hauksdóttir aðalmaður (fjarfundab.)

Gnýr Guðmundsson aðalmaður

Starfsmenn fundarins:

Hörður Þorsteinsson framkvæmdastjóri

Anna Birna Björnsdóttir deildarstjóri matvæla

Árni Davíðsson deildarstjóri hollustuhátta

Dagskrá fundarins:

### 1. Dagskrárliður: Umsögn um frumvarp til laga um breytingar á lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir

Í framhaldi af síðasta fundi heilbrigðisnefndar er lögð fram endanleg umsögn heilbrigðisnefndar um frumvarp til laga um breytingar á ýmsum lögum vegna einföldunar regluverks og aukinnar skilvirkni eftirlits með hollustuháttum og mengunarvörnum.

Heilbrigðisnefnd veur athygli á að þær greiningar sem liggja fyrir og álit Eftirlitsstofnunar EFTA (ESA) um skort á samræmi, skýrri ábyrgð og yfirstjórn eftirlits eru athugasemdir sem beinast allar að ráðuneytinu sjálfu og yfirstofnun málaflokksins, Umhverfis- og orkustofnun. Það er því sérkennileg niðurstaða ráðuneytisins að lausn málsins sé að kasta heilbrigðisnefndum fyrir róða og varpa ábyrgðinni yfir á heilbrigðiseftirlitin, þegar allar greiningar sem gerðar hafa verið benda á að yfirstjórn málaflokksins sé ábótavant og það hlutverk sem ríkisstofnun er ætlað, er illa eða ekki unnið. Ekkert í frumvarpinu leysir þann vanda sem lýst er í þeim greiningum sem vísað er til í rökstuðningi með frumvarpinu. Staðreynd málsins er sú, að ráðuneytið er með falleinkunn í yfirstjórn málaflokksins, innleiðing reglna frá EES illa útfærðar og lítil þekking í ráðuneytinu á málaflöknum. Vinna við samræmingu sem á að vera í höndum Umhverfis- og orkustofnunar í skötulíki, enginn starfsmaður í stofnuninni sem sinnir málaflöknum svo mánuðum skiptir og fræðslufni og leiðbeiningar sem stofnun á að sjá um í algjöru lágmarki.

*Heilbrigðisnefnd veur athygli á að þrátt fyrir að sveitarfélögin sé eini aðilinn sem axlað hefur raunverulega ábyrgð í málefnum heilbrigðiseftirlita á liðnum árum, með því að bera ábyrgð á fjármálum og rekstri heilbrigðiseftirlits hvert á sínu svæði, þá hefur ríkisvaldið ekki sinnt þeirri ábyrgð sem löggin leggja á ráðuneyti og yfirstofnun þessa málaflokks. Tími sé kominn til að bretta upp ermar og leggja vinnu í þennan mikilvæga málaflökk með raunverulegum úrbótum, en ekki fórna áratuga reynslu og þekkingu, skipulagi sem er við lýði í öllum þeim löndum sem við berum okkar saman við, með handónýtu frumvarpi þar sem öllu er snúið á hvolf.*

ltdp

SKH  
B.I.

## 2. Dagskrárliður: Umsögn um drög að frumvarpi til laga um sameiningu Matvælastofnunar, Fiskistofu og Verðlagsstofu skiptaverðs

Eins og segir í kynningu frumvarpsins þá er lagt til að Matvælastofnun, Fiskistofa og Verðlagsstofa skiptaverðs verði sameinaðar í nýja stofnun. Jafnframt er lagt til að matvælaeftirlit færist frá heilbrigðiseftirlitssvæðum til nýrrar stofnunar. Með því að sameina starfsemi framangreindra stofnana sem og að færa matvælaeftirlit til nýrrar stofnunar verði til ný öflug stjórnýslu og eftirlitsstofnun á sviði matvælaframleiðslu og fiskveiða.

Heilbrigðisnefnd vekur athygli á hversu lítil áhersla er lögð á flutning verkefna heilbrigðiseftirlitssvæða til nýrrar stofnunar í kynningunni, það þykir ekki taka því að nefna þau verkefni í kynningarheiti ráðuneytisins á frumvarpinu, þ.e. sá þáttur starfseminnar sem lýtur að þeim almannahagsmunum sem heilbrigðiseftirlitin sinna varðandi öryggi matvæla, vinnu við matarsýkingar, innkallanir og önnur þau verkefni sem ekki falla undir reglubundið eftirlit. Engar kostnaðargreiningar eða útfærslur eru í frumvarpinu eða greinargerð með frumvarpinu hvernig þeir almannahagsmunir verða tryggðir.

*Niðurstaða heilbrigðisnefndar er sú, að þrátt fyrir nokkuð langan aðdraganda þessa frumvarps, þá hefur verið kastað til höndum við gerð þess. Að mati heilbrigðisnefndar er skynsamlegasta niðurstaðan í þessum mikilvæga málaflokki að hörfa aftur á byrjunarreit, horfa til þeirra athugasemda og greininga sem unnar hafa verið varðandi þennan málaflokk og hefjast handa við að lagfæra það sem betur má fara. Leggja þarf fjármagn í yfirstjórn málaflokksins og efla þekkingu og getu ráðuneytisins til að takast á við þær öru breytingar sem eru á þessum málaflokki og stórefla útgáfu leiðbeininga og reglugerða þar sem leitast er við að einfalda og samræma eftirlit til samræmis við kröfur ESA og þeirra ábendinga sem fram hafa komið. Færsla verkefna heilbrigðiseftirlits á sviði matæla yfir til Matvælastofnunar leysi engin þau vandamál sem greiningaraðilar hafa bent á og það að leggja niður heilbrigðisnefnd veiki matvælaöryggi og matvælamenningu með þeim hætti sem lagt er upp með í frumvarpinu.*

## 3. Dagskrárliður: Breyting á aðal- og deiliskipulagi Hafnarfjarðar, Krýsuvík

Lögð fram tillaga að breytingu á Aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2013-2025 og gerð deiliskipulags vegna rannsóknarborunar í Krýsuvík í Hafnarfirði. Tillaga að deiliskipulag byggir á aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2013-2025, breytingu á aðalskipulagi sem er í vinnslu samhliða deiliskipulagstillögunni, umsögnum sem bárust við vinnslutillögu og ákvörðun Skipulagsstofnunar, dags. 13.11.2025, um að rannsóknarboranir fyrir 2 borholur séu ekki matsskyldar.

Heilbrigðiseftirlitið kom að ábendingum við framkvæmdina þegar matsskyldu fyrirspurn fór fyrir Skipulagsstofnum. Tekið var tillit til þeirra athugasemda við gerð deiliskipulagsins og gerir Heilbrigðiseftirlitið ekki frekari athugasemdir.

*Heilbrigðisnefnd staðfestir umsögnina.*

## 4. Dagskrárliður: Áform um breytingu á aðalskipulagi og gerð deiliskipulagsáætlunar, austurhluti Hlíðavallar, Mosfellsbæ

Áformuð er breyting á aðalskipulagi og gerð deiliskipulagsáætlunar vegna betrubóta íþrótt- og útivistarsvæðis við sunnanverðan Leirvog. Skipulagið mun skilgreina betur sambúð íþrótt- og útivistar á svæðinu, þ.m.t. stíga, reiðleiða, fjöru og grænna svæða. Allur eystri helmingur Hlíðavallar verður hluti af nýju deiliskipulagi.

Heilbrigðiseftirlitið hefur kynnt sér tillöguna. Á fyrri stigum kynningarferilsins lagði heilbrigðiseftirlitið fram ábendingar varðandi hreinsun ofanvatns og að vel yrði gengið frá frárennsli regnvatnslagna. Jafnframt að hönnun tæki mið af að öryggi gangandi og ríðandi vegfarenda yrði tryggt. Ítarlega er gerð grein fyrir þessum þáttum í greinargerð og mati umhverfisþátta sem fylgja deiliskipulagstillögunni. Heilbrigðiseftirlitið gerir ekki athugasemdir við tillöguna.

*Heilbrigðisnefnd staðfestir umsögnina.*

*WLP*  
*Bo*  
*SXH*  
*B.1*

##### 5. Dagskrárliður: Norðurnes, Álftanesi - aðal- og deiliskipulagstillaga

Tillagan nær til Breiðabólstaðasvæðis, Eyrar, Kasthúsátjarnar og svæðisins umhverfis Eyvindaholt, Stekk, Asparvík og Tjörn, allt að landamörkum við Bessastaði og Akurgerði. Helstu breytingar sem tillagan gerir ráð fyrir, eru þær að íbúðarbyggð stækkar og ný svæði bætast við. Íþróttasvæðið fyrir fyrirhugaðan golfvöll stækkar og breytist, hesthúsabyggð á Eyri er felld út, svæði fyrir verslun og þjónustu bætist við og svæði undir hverfisvernd breytir um lögun.

Heilbrigðiseftirlitið kemur að eftirfarandi ábendingum. Að mati heilbrigðiseftirlits þarf að koma fram í deiliskipulaginu ítarlegri útfærsla á fráveitumálum frá hverfinu. Viðtakinn í kringum Álftanes er talin viðkvæmur vegna grunnsævis. Gera þarf áhrifamat framkvæmda á vatnshlot í samræmi við leiðbeiningar Umhverfis- og orkustofunnar. Heilbrigðiseftirlitið óskar eftir nákvæmari umhverfismatsskýrslu á síðari stigum skipulagsferilsins. Áhrif skipulagsins og færsla á golfvellingum á fuglalíf á Álftanesi, bæði varpfugla og farfugla. Kasthúsátjörn, skurðir og allur vatnsbakki Bessastaðatjarnar er þekkt varpsvæði og hvíldarstaðir viðkvæmra fuglategunda, hvernig er það lífríki verndað? Áhrif á múrlendi á Álftanesi. Endurheimt votlendis og lokun skurða. Þá vekur heilbrigðiseftirlitið athygli á að hækkun sjávarborðs vegna loftlagsbreytinga er raunveruleg ógn við lágland strandsvæði og hættu er á að innviðir nálægt sjó verði í meiri hættu.

*Heilbrigðisnefnd staðfestir umsögnina.*

##### 6. Dagskrárliður: Fyrirhuguð uppbygging í Gunnarshólma og áform um breytingu á vaxtarmörkum

Heilbrigðiseftirlit Garðabæjar, Hafnarfjarðar, Kópavogs, Mosfellsbæjar og Seltjarnarness (HEF) var boðað til kynningar á fyrirhugaðri uppbyggingu í landi Gunnarshólma dags. 23. september sl. og þeim áformum Kópavogsbæjar að óska eftir að gerð verði breyting á vaxtarmörkum höfuðborgarsvæðisins. Á fundinum gerðu ráðgjafar landeigenda Gunnarshólma grein fyrir áformum um uppbyggingu byggðakjarna á jörðinni, skipulag á svæðinu og hvernig ráðgjafar töldu að lágmarka mætti mengunarlíkur. Óskað var eftir viðbrögðum heilbrigðiseftirlitsins varðandi uppbygginguna.

Lagt fram til kynningar minnisblöð heilbrigðiseftirlitsins dags. 28. október sl., minnisblað dags. 4. desember sl. og minnisblað dags. 12. janúar sl. þar sem farið var yfir þau álitamál sem komu upp við skoðun á þeim gögnum og áætlunum sem lágu fyrir. Að mati heilbrigðiseftirlitsins þarf að gæta allra varfærni þegar verið er að skoða áhrif framkvæmda á verndarsvæði aðalvatnsbóla þjóðarinnar. Öryggi neysluvatns stórs hluta þjóðarinnar þarf að byggja á fullnægjandi vitneskju um áhættuna af framkvæmdum á vatnsverndarsvæðinu, sem er byggt á umfangsmiklum jarðfræðirannsóknum, raunverulegum tilraunum og gegnsæju módeli sem tekur tillit til jarðfræði svæðisins að fullu. Að mati heilbrigðiseftirlitsins er nauðsynlegt að gera áhættumat eða dreifireikninga fyrir yfirborðsvatn, þar sem könnuð verði áhrif auð- og torleystrar mengunar ef til þess kemur að mengun berst í Hólmásá. Hafa þarf í huga að grunnflæði áa við Gunnarshólma er að mestu grunnvatn, þar sem skil milli grunnvatns og yfirborðsvatns eru lítil og vatn getur færst milli fasa. Skoða þarf sviðsmynd þar sem auð- og torleyst mengun berst í Suðará. Þess má geta að Gvendarbrunnar taka vatn sitt nánast frá yfirborði og eru því sérstaklega viðkvæmir fyrir mengun frá yfirborðsvatni eða úr efsta yfirborði grunnvatns. Þá er nauðsynlegt að gera áhættu- og dreifingarreikninga fyrir fráveitu, með sviðsmyndum þar sem skólplögn og dæluhús lekur. Ekki hefur verið metið fyllilega áhættu frá skólpi, vírusum, viðvarandi mengun tengd húsum, umferð, þungmálum og lyfjum. Kortleggja þarf dreifingu og áhættu frá þessum þáttum.

*Heilbrigðisnefnd tekur undir þær athugasemdir sem fram koma í minnisblöðum heilbrigðiseftirlitsins og leggur áherslu á að allar framkvæmdir á vatnsverndarsvæðum höfuðborgarsvæðisins þarf að skoða að undangengnum ítarlegum rannsóknum og áhættumats með það að meginforsendu að ekki verði gengið á það markmið samþykktu um að gæði neysluvatns á vatnstökustað uppfylli ávallt kröfur sem gerðar eru í gildandi löggjöf.*

*Handwritten signatures and initials:*  
WSS  
Sxh  
B.I.

7. Dagskrárliður: Afgreiðslufundur 4. febrúar 2026

Lögð fram fundargerð afgreiðslufundar frá 4. febrúar 2026 til kynningar og staðfestingar.

8. Dagskrárliður: Afgreiðslufundur 11. febrúar 2026


Lögð fram fundargerð afgreiðslufundar frá 11. febrúar 2026 til kynningar og staðfestingar.

9. Dagskrárliður: Afgreiðslufundur 18. febrúar 2026

Lögð fram fundargerð afgreiðslufundar frá 18. febrúar 2026 til kynningar og staðfestingar.



Svanur Karl Grjetarsson formaður



Linda Hrönn Þórisdóttir aðalmaður

Ingibjörg Hauksdóttir aðalmaður

Undirskrift fundargerðar



Bjarni Ingimarsson aðalmaður



Hannes Tryggvi Hafstein aðalmaður



Gnýr Guðmundsson aðalmaður

**43. fundur Heilbrigðisnefndar Garðabæjar, Hafnarfjarðar, Kópavogs,  
Mosfellsbæjar og Seltjarnarness**  
**Dagsetning: 30.3.2026**  
**Fundartími: 16:30 – 18:00**

Mætt til fundar:

Syanur Karl Grjetarsson formaður

Bjarni Ingimarsson aðalmaður

Linda Hrönn Þórisdóttir aðalmaður (á Teams)

Hannes Tryggvi Hafstein aðalmaður

Ingibjörg Hauksdóttir aðalmaður

Gnýr Guðmundsson aðalmaður

Starfsmenn fundarins:

Hörður Þorsteinsson framkvæmdastjóri

Ríkharður F. Friðriksson deildarstjóri mengunar

Anna Birna Björnsdóttir deildarstjóri matvæla

Dagskrá fundarins:

**1. Dagskrárlíður: Ársreikningur HEF fyrir árið 2025**

Endurskoðaður ársreikningur fyrir Heilbrigðiseftirlit Garðabæjar, Hafnarfjarðar, Kópavogs, Mosfellsbæjar og Seltjarnarness fyrir árið 2025 lagður fram til samþykktar og undirritunar.

Niðurstaða reksturs er í samræmi við fjárhagsáætlun ársins 2025. Í fjárhagsáætlun var gert ráð fyrir að framlög sveitarfélaganna til rekstursins yrðu um 110 milljónir, en niðurstaðan var ívið betri, eða um 106 milljónir. Tekjur voru 240 milljónir eða um 14 milljónir umfram áætlun og rekstrargjöld 346 milljónir eða um 8 milljónir umfram áætlun.

*Heilbrigðisnefnd samþykkir reikninginn með undirritun sinni og felur framkvæmdastjóra að koma niðurstöðum ársreiknings fyrir árið 2025 til aðildarsveitarfélaganna.*

**2. Dagskrárlíður: Frumvarp til laga um stofnun atvinnuveganna**

Lagt fram til kynningarþingskjal Alþingis nr.964 - 568. mál sem kynnt var á Alþingi 25. mars sl. Um er að ræða endanlega útgáfu á frumvarp til laga um stofnun atvinnuveganna (ekki var komið nafn á stofnunina þegar frumvarpið var kynnt í samráðsgátt).

Frumvarpið var kynnt í samráðsgátt stjórnvalda í janúar 2026, þar sem lagt er til að eftirlit með matvælum sem nú er á verksviði heilbrigðiseftirlits verði framvegis í höndum Matvælastofnunar. Samhliða leggur umhverfisráðherra fram frumvarp um einföldun regluverks, þar sem eftirlit með hollustuháttum og mengunarvörnum færir nær alfarið til ríkisins og verði framvegis í höndum Umhverfis- og orkustofnunar. Fjölmargar umsagnir bárust í samráðsgátt stjórnvalda og voru flestar umsagnirnar neikvæðar í garð þessa breytinga. Þau sveitarfélög sem sendu inn umsagnir gerðu athugasemdir við að þessi þjónusta færi úr nærsamfélaginu og hætta væri á að sú þjónusta sem heilbrigðiseftirlitin ynnu, verði síðri í miðlægri stofnun ríkisins. Þá sé ýmis álitaefni óleyst, einkum hvað varðar áhrif breytinganna á sveitarfélög, fjárhagsleg og fagleg. Þá hefur verið á það bent að ekki liggi fyrir með hvaða hætti fjárhagsleg áhrif verði á sveitarfélögin, rekstraraðila og ríkisvaldið við þessar breytingar. Samkvæmt frumvarpinu hefur stofnunin heimild til að setja sér gjaldskrá, en ljóst er að þó

svo einhver munur sé að gjaldskrá heilbrigðiseftirlitssvæða, þá er gjaldskrá Matvælastofnunar ekki í neinu samræmi við útlagðan kostnað stofnunarinnar við eftirlit. Það þýðir að við samræmingu gjaldskrár fyrir matvælaeftirlit mun eftirlit með landbúnaði, fiskvinnslufyrirtækjum og öðrum þeim rekstraraðilum sem Matvælastofnun hefur eftirlit með í dag, hækka a.m.k. um helming eða ef farin verður sú leið að niðurgreiða eftirlitið eins og gert er í dag, að þá lækkar kostnaður þeirra eftirlitsaðila sem heilbrigðiseftirlitin hafa með höndum í dag. Það er ljóst að í stað þess að hefjast handa og leysa úr þeim verkefnum sem ESA hefur falið íslenskum stjórnvöldum, er farin sú leið að gjörbreyta kerfinu og færa eftirlitið milli stofnanna og vonast til að það slái ryki í augu þeirra sem gagnrýnt hafa kerfið. Því miður hefur engu verið tilkostað við að vinna að samræmingu, eftirlitskerfum eða aukinni gagnsæi í eftirliti sem ESA hefur lagt áherslu á. Stjórnvöld virðast líta svo á að það gerist bara af sjálfum sér. En því miður er það ekki raunin, uppsafnaður halli Matvælastofnunar uppá nær milljarð króna, sýnir svo ekki verður um villst að stjórnvöld á hverjum tíma eru ekki tilbúin að axla þá ábyrgð sem á þeim hvílir og tryggja að nægjanlegu fjármagni sé varið í þennan málaflokk.

*Heilbrigðisnefnd harmar að ekki hafi verið tekið tillit til þeirra fjöldamörgu umsagna sem birst hafa í samráðsgátt stjórnvalda þar sem flestir lýsa yfir miklum áhyggjum með þessar fyrirætlanir. Framkvæmdastjóra falið að koma að andmælum við frumvarpið við atvinnuveganefnd í samræmi við fyrri umsagnir og athugasemdir nefndarinnar.*

### **3. Dagskrárlíður: Frumvarp um breytingar á ýmsum lögum vegna einföldunar regluverks**

Lagt fram til kynningar, þingskjal Alþingis nr.984 - 582 mál sem kynnt var á Alþingi 24. mars sl. Um er að ræða endanlega útgáfu á frumvarpi til laga um breytingar á ýmsum lögum vegna einföldunar regluverks og aukinnar skilvirkni eftirlits með hollustuháttum og mengunarvörnum.

Frumvarpið var kynnt í samráðsgátt stjórnvalda í janúar 2026. Frumvarpið fjallar um framkvæmd eftirlits með hollustuháttum og mengunarvörnum sem færast nær alfarið til ríkisins og verði framvegis í höndum Umhverfis- og orkustofnunar. Samhliða leggur atvinnuvegaráðherra fram frumvarp þar sem lagt er til að eftirlit með matvælum verði framvegis í höndum Matvælastofnunar. Fara þarf með frumvarp þetta í sam-ræmi við frumvarp atvinnuvegaráðherra. Fjölmargar umsagnir bárust í samráðsgátt stjórnvalda og voru flestar umsagnirnar neikvæðar í garð þessa breytinga. Þau sveitarfélög sem sendu inn umsagnir gerðu athugasemdir við að þessi þjónusta færi úr nærsamfélaginu og hætta væri á að sú þjónusta sem heilbrigðiseftirlitin ynnu, verði síðri í miðlægri stofnun ríkisins. Þá sé ýmis álitæfni óleyst, einkum hvað varðar áhrif breytinganna á sveitarfélög, fjárhagsleg og fagleg. Einhverjar breytingar hafa verið gerðar á frumvarpinu frá því það var lagt fram í samráðsgátt, en ekki er ljóst með hvaða hætti stjórnvöld sjá fyrir sér hver hafi eftirlit með samþykktum um fráveitur og skolp, ákvörðun um vatnsverndarsvæði og með hvaða hætti eftirlit á að vera með þeirri starfsemi svo eitthvað sé nefnt. Það er jafnframt ljóst að nái þessi frumvarpsdrög fram að ganga þá er þörf á umfangsmiklum breytingum á reglugerðum og samþykktum sveitarfélaga. Verður það að teljast afar skammur tími til að koma þeim málum öllum í höfn og því líkur á að verulegt þjónusturof verði á þeirri starfsemi sem heilbrigðiseftirlitin sinna í dag ef frumvarpið fer óbreytt í gegn. Heilbrigðiseftirlit á hverjum stað hefur verið í lykilhlutverki í að brúa bilið milli ólíkra stofnanna og óljóst hvernig staðbundin þekking og skjót upplýsingagjöf um mengun verði tryggð í fyrirhugaðri yfirfærslu verkefna.

*Heilbrigðisnefnd harmar að ekki hafi verið tekið tillit til þeirra fjöldamörgu umsagna sem birst hafa í samráðsgátt stjórnvalda þar sem flestir lýsa yfir miklum áhyggjum með þessar fyrirætlanir. Framkvæmdastjóra falið að koma að andmælum við frumvarpið við umhverfis- og samgöngunefnd í samræmi við fyrri umsagnir og athugasemdir nefndarinnar.*



**4. Dagskrárliður: Garðahverfi, breyting á deiliskipulagi**

Lögð fram tillaga að breytingum á deiliskipulagi Garðahverfis. Tillagan gerir ráð fyrir að afmarkaðar séu lóðir utan um núverandi byggingar á svæðinu og lóðum fjölgað um 6. Þá gerir tillagan ráð fyrir að bæta aðgengi gangandi vegfarenda.

Heilbrigðiseftirlitið gerir ekki athugasemdir við breytingartillöguna, en vekur athygli á að ekki er gerð grein fyrir veitukerfum á svæðinu í greinargerð með tillögunni. Úr því þurfi að bæta.

*Heilbrigðisnefnd staðfestir umsögnina.*

**5. Dagskrárliður: Hannes Tryggvi tilkynnir afsögn úr heilbrigðisnefnd**

Hannes Tryggvi Hafstein leggur fram eftirfarandi bókun:

„Ég hef tekið þá ákvörðun að segja sæti mínu lausu sem fulltrúi Seltjarnarness í heilbrigðisnefnd eftir samfellda stjórnarsetu í 12 ár. Um leið þakka ég samstarfsmönnum mínum, bæði starfsfólki og kjörnum fulltrúum, í heilbrigðisnefnd kærlega fyrir gott og vinsamlegt samstarf á liðnum árum“.

*Heilbrigðisnefnd þakkar Hannesi fyrir gott samstarf á liðnum árum og óskar honum velfarnaðar.*

**6. Dagskrárliður: Afgreiðslufundur 25. febrúar 2026**

Lögð fram fundargerð afgreiðslufundar frá 4. mars 2026 til kynningar og staðfestingar.

**7. Dagskrárliður: Afgreiðslufundur 4. mars 2026**

Lögð fram fundargerð afgreiðslufundar frá 4. mars 2026 til kynningar og staðfestingar.

**8. Dagskrárliður: Afgreiðslufundur 11. mars 2026**

Lögð fram fundargerð afgreiðslufundar frá 11. mars 2026 til kynningar og staðfestingar.

**9. Dagskrárliður: Afgreiðslufundur 18. mars 2026**

Lögð fram fundargerð afgreiðslufundar frá 18. mars 2026 til kynningar og staðfestingar.


**10. Dagskrárliður: Afgreiðslufundur 24. mars 2026**

Lögð fram fundargerð afgreiðslufundar frá 24. mars 2026 til kynningar og staðfestingar.

Undirskrift fundargerðar



Svanur Karl Grjetarsson formaður



Linda Hrönn Þórisdóttir aðalmaður



Ingridbjörg Hauksdóttir aðalmaður



Bjarni Ingimarsson aðalmaður



Hannes Tryggvi Hafstein aðalmaður



Gnýr Guðmundsson aðalmaður



Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

**625. fundur stjórnar SSH  
var haldinn í Hamraborg 9, mánudaginn 16. mars 2026  
og hófst hann kl. 13:00.**

**Fundinn sátu:**

Heiða Björg Hilmisdóttir, Almar Guðmundsson, Ásdís Kristjánsdóttir, Ragnhildur Jónsdóttir, Regína Ásvaldsdóttir, Valdimar Víðisson, Þorbjörg Gísladóttir, Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfræðingur SSH og Páll Björgvin Guðmundsson framkvæmdastjóri SSH.

**Fundargerð ritaði:** Hildigunnur Hafsteinsdóttir, lögfræðingur SSH

Heiða Björg Hilmisdóttir formaður stjórnar setti fund og gengið var til dagskrár.

**Dagskrá:**

**1. Álag í skólastarfi - ástæður og úrbætur - Sóknaráætlun 2025 - 2502015**

Dr. Ingvar Sigurgeirsson og dr. Lilja M. Jónsdóttir kynna drög að skýrslu um "Álag í skólastarfi? Ástæður og úrbætur" sem var eitt af áhersluverkefnum sóknaráætlunar 2025.

**Gestir**

Hanna Borg Jónsdóttir verkefnastjóri farsældarráðs höfuðborgarsvæðisins

Dr. Lilja M. Jónsdóttir ráðgjafi

Dr. Ingvar Sigurgeirsson ráðgjafi

**Niðurstaða:**

*Umræður. Skrifstofu SSH er falið að senda skýrsludrögin til Skólamálanefndar SSH til frekari umræðu og yfirferðar á mögulegum tillögum og aðgerðum á grundvelli þess sem þar kemur fram.*

**2. Gjaldfrjáls Strætó fyrir 12-17 ára ungmenni - 2602003**

Fyrirliggjandi til kynningar og umræðu er bókun bæjarstjórnar Hafnarfjarðar frá fundi hennar 11. febrúar sl., sbr. og tölvupóst bæjarstjóra Hafnarfjarðar dags. 19. febrúar sl., þar sem tillögu um að endurgjaldslaust verði í Strætó fyrir öll hafnfirsk ungmenni til 18 ára aldurs er vísað til umræðu SSH.

**Niðurstaða:**

*Lagt fram til kynningar. Umræður.*

**3. Höfuðborgargirðing - 1508001**

Fyrirliggjandi til samþykktar eru drög að samningi um viðhald og eftirlit vörslugirðingar höfuðborgarsvæðisins og lagt er til að framkvæmdastjóra verði veitt umboð til undirritunar hans.

**Niðurstaða:**

*Samþykkt*



Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

**4. Samgöngusáttmálinn - Verkefni - 2003010**

Fyrirliggjandi til kynningar og umræðu eru minnisblöð Birgis Björns Sigurjónssonar dags. 12. mars 2026 og Auðuns Guðjónssonar dags. 25. febrúar 2026 um fjárhagsskipan Betri samgangna ohf., þ.e. reikningsskilaaðferðir vegna framlaga sveitarfélaganna. Birgir Björn Sigurjónsson kynnir.

**Gestir**

Birgir Björn Sigurjónsson ráðgjafi

**Niðurstaða:**

*Lagt fram til kynningar. Stjórn fellst á að fyrirliggjandi minnisblöð verði send fjármálastjórum aðildarsveitarfélaga og áfram unnið með þeim að því markmiði að sveitarfélögin samræmi reikningsskilaaðferðir sínar vegna framlaga til Betri samgangna ohf. til samræmis við fyrirliggjandi tillögur.*

**5. Umsagnir þingmála - 1910005**

Frumvarp til sveitarstjórnarlaga er nú til umræðu á Alþingi en frestur til að senda inn umsögn um frumvarpið er til og með 20. mars nk. Drög að umsögn liggja fyrir og er gerð tillaga um að skrifstofu SSH verði falið að fullgera umsögn um frumvarpið til samræmis við umræður fundarins og senda stjórn til samþykktar milli funda.

Grænbók um byggðamál - umræðuskjal fyrir opið samtal, hefur þá verið lögð fram til umsagnar á Samráðsgátt stjórnvalda en umsagnarfrestur er til og með 16. mars 2026. Fyrirliggjandi til samþykktar eru drög að umsögn SSH um málið.

**Niðurstaða:**

*Samþykkt*

**6. Sóknaráætlun - áhersluverkefni 2026 - 2511010**

Samkvæmt fyrirliggjandi tölvupósti Byggðastofnunar dags. 3. mars 2026 voru áhersluverkefni SSH á árinu 2026 staðfest með lítilsháttar athugasemdum sem brugðist hefur verið við. Er farið fram á fullt umboð framkvæmdastjóra til áframhaldandi vinnslu umræddra verkefna og gerðar samninga sem að þeim lúta, s.s. við utanaðkomandi ráðgjafa.

**Niðurstaða:**

*Samþykkt. Framkvæmdastjóra er falið að koma umræddum áhersluverkefnum af stað og ganga frá og undirrita samninga vegna þeirra eftir því sem við á.*

**7. SSH Tölvuöryggi og viðbragðsáætlanir - 2510008**

Öryggis- og viðbragðsáætlun SSH er lögð fram til kynningar. Framkvæmdastjóri kynnir.

**Niðurstaða:**

*Lagt fram til kynningar*

**8. SSH starfsfólk - 2006002**



Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

Fyrirliggjandi er minnisblað framkvæmdastjóra dags. 12. mars 2026 þar sem er gerð tillga um að lögfræðingi SSH verði veittur aðgangur að reikningum SSH, til greiðslu reikninga og millifærsla, komi til slíkra forfalla framkvæmdastjóra að þess gerist þörf.

Jafnframt liggur fyrir minnisblað framkvæmdastjóra dags. 12. mars 2026 þar sem gerð er tillaga um ráðningu sumarstarfsmanns á skrifstofu SSH.

**Niðurstaða:**

*Samþykkt*

**9. Foreldrahús - 2602002**

Erindi Foreldrahúss var lagt fram til kynningar á 623. fundi stjórnar. Framangreint er nú til meðferðar samráðshóps SSH á sviði velferðarmála og verður tekið fyrir á næsta reglulega fundi hans.

**Niðurstaða:**

*Lagt fram til kynningar*

**10. Útivistarvefur hbsv. -Sóknaráætlun 2023 - 2303007**

Fyrirliggjandi til staðfestingar er viðauki við samning SSH og Markaðsstofu höfuðborgarsvæðisins um útivistarvef höfuðborgarsvæðisins, vegna rekstrar og umsýslu vefsins á árinu 2026 en hann er til samræmis við fjárhagsáætlun SSH 2026.

**Niðurstaða:**

*Staðfest*

**11. Fyrirkomulag eftirlits með hollustuháttum o.fl. - 2311003**

Fyrirliggjandi til staðfestingar er umsögn SSH um drög að frumvarpi til breytinga á ýmsum lögum vegna einföldunar regluverks og aukinnar skilvirkni eftirlits með hollustuháttum sem send var í samráðsgátt stjórnvalda 17. febrúar 2026, sbr. bókun 623. fundar.

**Niðurstaða:**

*Staðfest*

**12. Samráðshópur á sviði velferðarmála - fundargerðir - 2202013**

Fyrirliggjandi til kynningar er fundargerð samráðshóps á sviði velferðarmála dags. 7. janúar 2026.

Fyrirliggjandi til kynningar er fundargerð samráðshóps á sviði velferðarmála dags. 16. janúar 2026.

Fyrirliggjandi til kynningar er fundargerð samráðshóps á sviði velferðarmála dags. 4. febrúar 2026.

**Niðurstaða:**

*Lagt fram til kynningar*

**13. SSH Skólamálanefnd - 2502006**



Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

Fyrirliggjandi til kynningar er fundargerð Skólamálanefndar SSH dags. 29. janúar 2026.

Fyrirliggjandi til kynningar er fundargerð Skólamálanefndar SSH dags. 12. febrúar 2026.

**Niðurstaða:**

*Lagt fram til kynningar*

**14. Skíðasvæðin -Rekstur - 2205009**

Fyrirliggjandi til kynningar er fundargerð 434. fundar samstarfsnefndar Skíðasvæða höfuðborgarsvæðisins dags. 18. febrúar 2026 ásamt fylgiskjali.

**Niðurstaða:**

*Lagt fram til kynningar*

**Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 15:00.**

## SAMSTARFSNEFND SKÍÐASVÆÐA HÖFUÐBORGARSVÆÐISINS

Ár 2026, miðvikudaginn 18. mars var haldinn 435. fundur samstarfsnefndar skíðasvæða höfuðborgarsvæðisins. Fundurinn var haldinn í Borgartúni 12-14 og hófst kl. 07:50.

Mættir: Sara Björg Sigurðardóttir formaður, Bjarni Th. Bjarnason Garðabæ, Kristín Thoroddsen Hafnarfirði og Sævar Birgisson Mosfellsbæ. Andri Steinn Hilmarsson Kópavogi tók sæti á fundnum með rafrænum hætti.

Jafnframt: Magnús Árnason, Atli Steinn Árnason og Helga Björnsdóttir sem ritaði fundargerð.

### Þetta gerðist:

1. Lagðar fram fundargerðir verkefnahóps um framkvæmdir á skíðasvæðum dags. 9. febrúar og 13. mars 2026 varðandi tilboð Doppelmayr í ástandsmat og úttekir á lyftukosti í Skálafell og snjóflóðahættumat Veðurstofu Íslands í Bláfjöllum.
2. Lagt fram minnisblað forstöðumanns skíðasvæðanna dags. 15. mars 2026 varðandi óvæntan kostnað við siturlögn og úttekt á Bláfjallaskála.
  - kl. 08:05 vék Sævar Birgisson af fundi.
  - kl. 08:25 tók Sævar Birgisson sæti á fundinum.
3. Lagt fram erindi Skíðagöngufélagsins Ullar dags. 11. mars 2026 um aðgang að salernum í Suðurgili, endurskoðun verðlagningar á skíðagöngubrautum í Bláfjöllum, samstarf um sorphirðu á svæðinu og aukið formlegt samstarf rekstraraðila.

Samþykkt að vísa gjaldskrárliðnum til næstu vinnu við gjaldskrár 2027.  
Öðrum liðum vísað til meðferðar forstöðumanns skíðasvæðanna.
4. Lagt fram minnisblað forstöðumanns skíðasvæðanna dags. 15. mars 2026 um stöðu skíðasvæðisins þar sem fram kemur að veturinn hefur verið erfiður vegna snjóleysis, opnunardagar fáir og tekjur undir áætlun, en aðsókn góð þegar opið er og vonir bundnar við áframhaldandi opnun og páskatímabil.

Fundi slitið kl. 09:06.

Sara Björg Sigurðardóttir

Andri Steinn Hilmarsson  
Kristín Thoroddsen

Sævar Birgisson  
Bjarni Th. Bjarnason

Fullgild rafræn undirskrift

ORRI VIGNIR HLÖÐVERSSON

Kennitala: 200664-2139  
2026-02-13 19:23:22 GMT  
Ástæða: Undirskrift

Fullgild rafræn undirskrift

KRISTINN ANDERSEN

Kennitala: 070958-2609  
2026-02-18 13:35:27 GMT  
Ástæða: Undirskrift

Fullgild rafræn undirskrift

SVANA HELEN BJÖRNSDÓTTIR

Kennitala: 201260-2489  
2026-02-13 19:35:56 GMT  
Ástæða: Undirskrift

Fullgild rafræn undirskrift

DÓRA BJÖRT GUÐJÓNSDÓTTIR

Kennitala: 190688-2599  
2026-02-23 21:48:21 GMT  
Ástæða: Undirskrift

Fullgild rafræn undirskrift

VALDIMAR VÍÐISSON

Kennitala: 100978-3509  
2026-02-16 07:26:55 GMT  
Ástæða: Undirskrift

Fullgild rafræn undirskrift

SÆVAR BIRGISSON

Kennitala: 150288-2319  
2026-02-17 09:54:01 GMT  
Ástæða: Undirskrift



## FUNDARGERÐ 525. FUNDAR STJÓRNAR SORPU bs.

Stjórnarfundur SORPU bs., kt. 510588-1189, miðvikudaginn 11. febrúar 2026. Fundurinn er settur klukkan 07:30. Fundurinn er staðfundur að Köllunarklettsvegi 1, 104 Reykjavík.

**Fundarstjóri:** Dóra Björt Guðjónsdóttir.

**Fundarritari:** Gunnar Dofri Ólafsson.

**Sækja fund:** Dóra Björt Guðjónsdóttir, Kristinn Andersen, Orri Vignir Hlöðversson, Svana Helen Björnsdóttir, Sævar Birgisson, og Valdimar Víðisson.

Jón Viggó Gunnarsson framkvæmdastjóri, Gunnar Dofri Ólafsson, sviðsstjóri þjónustu- og samskiptasviðs, og Þórhallur Hákonarson fjármálastjóri sækja fund.

Til fundarins er boðað með lögformlegum hætti í samræmi við starfsreglur stjórnar, og er því ákvörðunar- og ályktunarbær.

### Tekið fyrir

#### 1. Málafni endurvinnslustöðva – gjaldskrá og gjaldtaka

Kristinn Andersen tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

Framkvæmdastjóri og sviðsstjóri þjónustu- og samskiptasviðs gera grein fyrir minnisblaði um verkefni vegna gjaldskrár og gjaldtöku á endurvinnslustöðvum.

Stjórn SORPU bs. bókar:

„Endurvinnslustöðvar SORPU eru mikilvæg stoð í úrgangsstjórnun sveitarfélaga. Stöðvarnar eru fyrst og fremst ætlaðar íbúum á höfuðborgarsvæðinu, sem greiða stóran hluta af rekstrarkostnaði þeirra samhliða álagningu fasteignagjalda. Til að tryggja að SORPA fylgi lögum um meðhöndlun úrgangs, og þeim reglum sem gilda um að þeim sem sinna úrgangsmálum sé skylt að rukka raunkostnað við þau verkefni, felur stjórn framkvæmdastjóra að vinna áfram að verkefnum sem lúta að því að tryggja að réttir aðilar greiði rétt verð fyrir þjónustu endurvinnslustöðva.

Stjórn felur framkvæmdastjóra jafnframt að áréttu í gjaldskrá á vef SORPU að aðeins íbúar á höfuðborgarsvæðinu greiði eftir gjaldskrá fyrir einstaklinga, og að aðrir, svo sem íbúar utan höfuðborgarsvæðisins og rekstraraðilar, greiði eftir gjaldskrá fyrir fyrirtæki.“

#### 2. Málafni Endurvinnslustöðva – lokun Dalvegjar og breyting á fjölda flokka

Framkvæmdastjóri og sviðsstjóri þjónustu- og samskiptasviðs gera grein fyrir minnisblaði um framtíðarsýn fyrir stórar og litlar endurvinnslustöðvar. Á öðrum ársfjórðungi þessa árs opnar ný endurvinnslustöð við Lambhagaveg, og samhliða lokar endurvinnslustöðin við Sævarhöfða. SORPU

barst auk þess þann 29. janúar sl. erindi frá Kópavogsbæ þess efnis að uppsögn lóðar við Dalveg er frestað til 31. desember næstkomandi.

Þetta hefur í för með sér meiri fyrirsjáanleika í rekstri endurvinnslustöðva og tækifæri til að koma til framkvæmda framtíðarsýn stjórnar SORPU og tæknimanna sveitarfélaganna sem standa að byggðasamlaginu um endurvinnslustöðvar á höfuðborgarsvæðinu. Í henni er lagt upp með að skilgreina stórar og litlar endurvinnslustöðvar til að þjónusta með skilvirkari hætti kjarnaviðskiptavini SORPU, sem eru heimilin á höfuðborgarsvæðinu.

Stjórn SORPU felur framkvæmdastjóra að hefja vinnu við breytingar á endurvinnslustöðvum SORPU í samræmi við framlagt minnisblað.

Minnisblað fylgir fundargerð.

### 3. Skýrsla áhættunefndar

Valdimar Víðisson tekur sæti á fundinum undir þessum lið. Kristinn Andersen vísar af fundi eftir þennan lið.

Svana Helen Björnsdóttir, formaður áhættunefndar SORPU, gerir grein fyrir skýrslu áhættunefndar.

Stjórn felur framkvæmdastjóra að taka saman yfirlit um mótvægisáðgerðir við þeim áhættum sem áhættunefnd veur athygli á.

### 4. Málafni Metan ehf.

Fjármálastjóri fer yfir stöðuna hjá Metan ehf. eftir breytingar á þungaskatti á eldsneyti og upptöku kílómetragjalds. Rætt um þær áðgerðir sem Metan hefur gripið til, til að tryggja samkeppnishæfni metans sem raunhæfs valkosta við jarðefnaeldsneyti.

### 5. Stjórnskipulag og verkefnaáætlun ESA-verkefnis

Haraldur Flosi Tryggvason Klein og Ragnheiður Björk Halldórsdóttir í vinnuhópi ESA-verkefnisins taka sæti á fundinum undir þessum lið. Gestir gera grein fyrir framvindu ESA-verkefnisins, stjórnskipulagi þess og verkefnaáætlun.

Gestir víkja af fundi eftir afgreiðslu þessa liðar.

### 6. Stjórnkerfi SORPU bs. samstæðunnar

Frestað til næsta fundar.

### 7. Staða og horfur í textíl-, söfnun og meðhöndlun

Gyða S. Björnsdóttir umhverfisstjóri, Karen Hulda Kristjánsdóttir verkefnastjóri, og Torfi Jóhannsson, sviðsstjóri móttöku og flokkunar, taka sæti á fundinum.

Umhverfisstjóri gerir grein fyrir minnisblaði um stöðu textíls og nauðsyn þess að koma upp fullnægjandi aðstöðu til flokkunar og vinnslu textílsins. Árlega safnast um 2.400 tonn af textíl á höfuðborgarsvæðinu, og nauðsynlegt að ná betur utan um verkefnið.

Stjórn SORPU bs. bókar:

*„Framkvæmdastjóra er falið að hefja þegar leit að heppilegu húsnæði undir flokkun og vinnslu textíls og hefja hönnun á aðstöðu sem tryggir bæði öryggi starfsfólks og hringrásarmöguleika þess textíls sem til SORPU berst.“*

## **8. Aðalfundur SORPU bs.**

Aðalfundur SORPU verður haldinn miðvikudaginn 15. apríl næstkomandi klukkan 16:00.

### **Næsti fundur**

Næsti fundur er boðaður miðvikudaginn 11. mars 2026 klukkan 07:30.

Fleira var ekki gert og fundi slitið 09:47.



Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

**144. fundur svæðisskipulagsnefndar  
var haldinn í Hamraborg 9, föstudaginn 20. mars 2026  
og hófst hann kl. 09:00.**

**Fundinn sátu:**

Baldur Ólafur Svavarsson, Björg Fenger, Elís Guðmundsson, Helga Jóhannesdóttir, Helga Jónsdóttir, Hjálmar Sveinsson, Hjördís Ýr Johnson, Karen María Jónsdóttir, Lovísa Björg Traustadóttir, Magnús Ingi Kristmannsson, Stefán Már Gunnlaugsson, Svana Helen Björnsdóttir, Sævar Birgisson og Ásdís Ólafsdóttir svæðisskipulagsstjóri.

**Fundargerð ritaði:** Ásdís Ólafsdóttir, svæðisskipulagsstjóri

Helga Jóhannesdóttir, Svana Helen Björnsdóttir og Sævar Birgisson tóku þátt í gegnum fjárfundarbúnað. Formaður Hjálmar Sveinsson setti fund og stýrði.

Áður en gengið var til dagskrár óskaði Helga Jónsdóttir skýringa á frestun 144. fundar. Hún benti á að almennt ætti ekki að fresta fundi nema svæðisskipulagsstjóri forfallaðist, enda gætu nefndarmenn boðað varamenn í sinn stað. Svæðisskipulagsstjóri fór yfir að fundinum hafi upprunalega verið frestað um viku vegna forfalla svæðisskipulagsstjóra. Þá óskaði Helga Jónsdóttir skýringa á því að upphaflegri dagskrá hefði verið breytt án umræðu í svæðisskipulagsnefnd. Formaður gerði grein fyrir ástæðum þeirrar ákvörðunar. Jafnframt óskaði Helga Jónsdóttir eftir því að skrifstofa SSH kannaði lögmæti þess að mál væri tekið af dagskrá án umræðu. Að lokum óskaði hún eftir því að gögn sem send voru út með fundarboði yrðu gerð aðgengileg fundarmönnum á ný. Umræður.

Gengið var til dagskrár.

**Dagskrá:**

Karen María Jónsdóttir kom á fund kl. 9:35

**1. Álagsdreifing umferðar á höfuðborgarsvæðinu - Sóknaráætlun 2025 - 2502010**

Verkefnið Álagsdreifing umferðar er eitt af áhersluverkefnum sóknaráætlunar 2025.

Framundan eru umfangsmiklar framkvæmdir vegna Samgöngusáttmála höfuðborgarsvæðisins og á meðan og til framtíðar er því sérstaklega mikilvægt að leita leiða til að bæta flæði samgöngumáta á svæðinu. Ávinningur samfélagsins vegna bættis umferðarflæðis er að íbúar eyða minni tíma í umferðinni á hverjum tíma. Bætt umferðarflæði hefur bæði áhrif á ferðatíma þeirra sem ferðast með almenningssamgöngum og einkabíl.

Markmið verkefnisins var að greina og móta sameiginlegar aðgerðir á höfuðborgarsvæðinu vegna álagsdreifingar umferðar um svæðið. Nú liggur fyrir skýrsla EFLU vegna verkefnisins.



Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

Daði Baldur Ottósson verkefnastjóri verkefnisins, kom á fund nefndarinnar og kynnti helstu niðurstöður.

**Gestir**

Daði Baldur Ottósson, Efla -

*Verkefnastjóri kynnti helstu niðurstöður verkefnisins og svaraði spurningum.*

**2. Heimsókn í Kjós - 2003003**

Í samræmi við áherslur nefndarinnar, sem voru samþykktar á 110. fundi, er stefnt að því að heimsækja sveitarfélög að vori og hausti og fræðast um helstu skipulagsverkefni sem þar eru fyrirhuguð.

Lagt var til að Kjósarhreppur yrði heimsóttur þann 10 apríl nk.

*Samþykkt*

**3. Fagráð SSH - fundargerðir - 2204005**

Fyrirliggjandi til kynningar voru:

Fundargerð 46. fundar fagráðs SSH dags. 26. nóvember 2025.

Fundargerð 47. fundar fagráðs SSH dags. 14. janúar 2026.

Fundargerð 48. fundar fagráðs SSH dags. 11. febrúar 2026.

*Lagt fram til kynningar*

**Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 11:00.**

## Fundargerð

**279. fundur stjórnar Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins haldinn á skrifstofu slökkviliðsstjóra, Skógarhlíð 14, föstudaginn 13. mars 2026, kl. 08:00.**

### Fundinn sátu:

Heiða Björg Hilmsdóttir, Ásdís Kristjánsdóttir, Valdimar Víðisson, Almar Guðmundsson, Regína Ásvaldsdóttir, Þór Sigurgeirsson, Birgir Finnsson og Ingveldur Lára Þórðardóttir.

**Fundargerð ritaði:** Ingveldur Lára Þórðardóttir, skrifstofustjóri.

### 1. Starfsemisskýrsla SHS 2025 - 2601047

*Starfsemisskýrsla SHS fyrir árið 2025 kynnt.*

#### Niðurstaða

*Kynning.*

#### Gestir

Ásdís Gíslason, upplýsingafulltrúi -

Guðný Elísabet Ingadóttir, mannauðsstjóri -

Aldís Rún Lárusdóttir, varaslökkviliðsstjóri -

Brynjar Þór Friðriksson, sviðsstjóri aðgerðasviðs -

Aldís, Brynjar, Guðný og Ásdís yfirgefa fundinn kl.9.15.

### 2. Slökkvistöð við Tónahvarf - 2301008

*Niðurstaða skoðunar slökkviliðsstjóra og Kópavogsbæjar á tveimur sviðsmyndum varðandi eina eða tvær lóðir fyrir slökkvistöð í Tónahvarfi, skv. ákvörðun stjórnar á 272. fundi hennar þann 13. júní 2025, er sú að slökkvistöðin verði byggð á tveimur lóðum, Tónahvarfi 2 og 4.*

*Lagt til að samþykkt verði að slökkviliðsstjóri vinni að nýju deiliskipulagi með Kópavogsbæ og undirbúi næstu skref í hönnun og byggingu stöðvarinnar.*

#### Niðurstaða

*Samþykkt að slökkviliðsstjóri vinni að nýju deiliskipulagi með Kópavogsbæ vegna byggingar nýrrar slökkvistöðvar við Tónahvarf 2-4 og undirbúi næstu skref í hönnun og byggingu stöðvarinnar.*

### 3. Greinargerð um innra eftirlit og áhættustýringu - 2601049

*Kynning á greinargerð um innra eftirlit og áhættustýringu.*

**Niðurstaða**

*Frestað.*

**Fylgiskjöl**

SHS 279 2.1 Greinargerð um innra eftirlit og áhættustýringu.pdf

**4. Árangur SHS í umhverfismálum 2025 - 2601048**

*Kynning á árangri SHS í umhverfismálum 2025 skv. mælikvörðum.*

**Niðurstaða**

*Frestað.*

**Fylgiskjöl**

SHS 279 3.1 Árangur SHS í umhverfismálum 2025.pdf

**5. Önnur mál - 2601007**

*Engin önnur mál.*

Regínu Ásvaldsdóttur þakkað samstarfið en hún lætur af störfum bæjarstjóra Mosfellsbæjar á næstu vikum og þessi fundur því hennar síðasti í stjórn SHS.

Fundi slitið kl. 09:40.

\_\_\_\_\_  
Heiða Björg Hilmisdóttir

\_\_\_\_\_  
Ásdís Kristjánsdóttir

\_\_\_\_\_  
Valdimar Víðisson

\_\_\_\_\_  
Almar Guðmundsson

\_\_\_\_\_  
Regína Ásvaldsdóttir

\_\_\_\_\_  
Þór Sigurgeirsson

## FUNDARGERÐ STJÓRNAR STRÆTÓ BS.

### 422. fundur

Föstudaginn 10. mars 2026 var haldinn fjarfundur í stjórn Strætó bs. og hófst hann kl. 12:00.

#### Mætt voru:

Kristín Thorarensen (KT) Lovísa Jónsdóttir (LJ), Magnús Örn Guðmundsson (RJ), Andri Steinn Hilmarsson (ASH), Hrannar B Eyjólfsson (HBE) og Alexandra Briem (AB).

Fundinn sat einnig Jóhannes Rúnarsson (JR) sem ritaði fundargerð.

#### Tekið fyrir:

##### 1. Hleðsluútböð

##### 1. Hleðsluútböð

---

Guðmundur Siemsen lögmaður og Hrafn L Guðjónsson ráðgjafi frá Enord komu á fundinn og fóru yfir niðurstöðu samkeppnisútböðs á hleðslustöðvum vegna orkuskipta í almenningsamgöngnum. Tilboð bárust frá 3 aðilum.

Stjórn heimilar framkvæmdastjóra að ganga til samninga við Icelandia í samræmi við tillögu valnefndar.

**Fundi slitið 12:45.**

#### Fylgiskjöl:

\_\_\_\_\_  
Alexandra Briem

\_\_\_\_\_  
Hrannar Bragi Eyjólfsson

\_\_\_\_\_  
Andri Steinn Hilmarsson

\_\_\_\_\_  
Kristín Thorarensen.

\_\_\_\_\_  
Lovísa Jónsdóttir

\_\_\_\_\_  
Magnús Örn Guðmundsson

# FUNDARGERÐ STJÓRNAR STRÆTÓ BS.

## 423. fundur

Föstudaginn 20. Mars 2026 var haldinn fundur í stjórn Strætó bs. og hófst hann kl. 07:30.

### Mætt voru:

Kristín Thorarensen (KT) Lovísa Jónsdóttir (LJ), Andri Steinn Hilmarsson (ASH), Hrannar B Eyjólfsson (HBE) og Alexandra Briem (AB). Magnús Örn Guðmundsson boðaði forföll.

Fundinn sat einnig Jóhannes Rúnarsson (JR) sem ritaði fundargerð.

### Tekið fyrir:

1. Árlegt árangursmat stjórnar.
2. Nýtt félag
3. Ársreikningur 2025 og endurskoðunarskýrsla.
4. Innri endurskoðunarskýrsla
5. Umræður um gjaldskrá.
6. Uppgjör við verktaka

#### 1. Árlegt árangursmat stjórnar

---

Árlegt árangursmat stjórnar verður sent út til stjórnarmanna á næstunni.

#### 2. Nýtt félag

---

Framkvæmdastjóri fór yfir stöðu mála. Vinnuhópur stjórnna hefur fundað um málefnið. Verið að ræða útfærslu á fjölda atriða. Framkvæmdastjóra falið að vinna málið áfram í samræmi við umræður.

#### 3. Ársreikningur 2025

---

Framkvæmdastjóri og Elísa Kristmannsdóttir, fjármálastjóri kynnti niðurstað ársreikning 2025. Rekstrarafkoma jákvæð og fjárhagslega stærðir á þróast í rétta átt. Sigrún Guðmundsdóttir frá endurskoðunarnefnd fylgdi eftir áliti endurskoðunarnefndar á ársreikningi. Bjarni M. Jóhannesson, endurskoðandi frá Grant Thornton fór yfir vinnu ytri endurskoðenda við endurskoðun á ársreikningi Strætó.

Stjórn samþykkir framlagðan ársreikning og staðfestir með rafrænni undirritun.

#### 4. Innri endurskoðun

---

Sara Fönn Jóhannsdóttir, Lovísa Sigurðardóttir og Jóna Hrönn Benediktsdóttir frá Deloitte komu á fundinn og fóru yfir drög að innri endurskoðun hjá Strætó.

#### 5. Umræður um gjaldskrá

---

Framkvæmdastjóri fór yfir drög að minnisblað um ungmennafargjöld. Jafnframt var kynnt staða vinnu við breytingar á tímabilskortum.

#### 6. Uppgjör við verktaka

---

Framkvæmdastjóri kynnti ítarlega greiningu á áhrifum breytinga á vísitölum sem notaðar eru til verðbóta akstursamninga við verktaka Strætó. Framkvæmdastjóra var falið að ganga frá málinu í samræmi við umræður á fundinum.

**Fundi slitið 09:35.**

**Fylgiskjöl:**

\_\_\_\_\_  
Alexandra Briem

\_\_\_\_\_  
Hrannar Bragi Eyjólfsson

\_\_\_\_\_  
Andri Steinn Hilmarsson

\_\_\_\_\_  
Kristín Thorarensen.

\_\_\_\_\_  
Lovísa Jónsdóttir

**Tillaga að samþykkt varðandi kjörstaði og skipan fulltrúa í undirkjörstjórnir og hverfiskjörstjórn á Álftanesi við kosningar til sveitarstjórnar sem fara eiga að fara 16. maí 2026**

Bæjarstjórn samþykkir að kjörstaðir við sveitarstjórnarkosningar sem fram eiga að fara 16. maí 2026 verði tveir, í Álftanesskóla þar sem kjördeildir verða tvær og Íþróttahúsinu Mýrinni þar sem kjördeildir verða tíu.

Bæjarstjórn samþykkir að kjósa eftirfarandi fulltrúa í 12 undirkjörstjórnir vegna kosninga til sveitarstjórnar sem fram eiga að fara laugardaginn 16. maí 2026..

*Fulltrúar í undirkjörstjórnir í Álftanesskóla.*

Anna Kristmundsdóttir, Asparholti 1, Elsa Rut Leifsdóttir, Birkiholti 6, Emilía Gunnarsdóttir, Krókamýri 78, Guðmundur Ingi Bjarnason, Vesturtúni 42, Guðríður Eyvindardóttir, Hólmatúni 43, Ingibjörg Systa Jónsdóttir, Hestamýri 2A, Katrín Jónína Gunnarsdóttir, Birkiholti 6, Kristín Rós Björnsdóttir, Sjávangötu 22, Marta Ottósdóttir, Asparholti 1, Rúna Lísá Þráinsdóttir, Sviðsholtsvör 9.

*Fulltrúa í undirkjörstjórnir í Íþróttahúsinu Mýrinni.*

Agnes Ýr Pétursdóttir, Eskiási 1B, Anna Ingibergsdóttir, Bæjargili 65, Anna Margrét Halldórsdóttir, Kríunesi 14, Auður Atladóttir, Holtsvegi 39, Árni Gunnar Kristjánsson, Hlíðarbyggð 9, Birna Ágústsdóttir, Kinnargötu 57, Birta María Sigmundsdóttir, Ótilgreint, Björn Ingi L. Jónsson, Lautargötu 4, Bryndís Kristjánsdóttir, Ægisgrund 13, Brynhildur Þórðardóttir, Vinastræti 12, Daníel Arnar Magnússon, Hallakri 4A, Daníel Jósefsson, Kjarmóum 39, Dóra Þórisdóttir, Espilundi 10, Dröfn Ágústsdóttir, Lyngmóum 7, Edda Björg Sigurðardóttir, Hraunsholtsvegi 10, Eiríkur Sigurðsson, Strandvegi 26, Erna Björk Ásbjörnsdóttir, Kjarmóum 39, Eva Júlía Birgisdóttir, Ásbúð 49, Guðmunda Inga Gunnarsdóttir, Strandvegi 10, Guðrún Valgerður Ásgeirsdóttir, Lyngáasi 1C, Gunnhildur Eva Arnoddsóttir, Hagaflöt 4, Gunnsteinn Geirsson, Hagaflöt 4, Hafdís Bára Kristmundsdóttir, Asparholti 5, Haukur Steinn Helgason, Norðurbrú 2, Haukur Þorsteinsson, Eskiási 1C, Heimir Björnsson, Bæjargili 98, Herdís Sigurbergisdóttir, Lynggötu 3, Hildur Benediktsdóttir, Steinprýði 4 (Gimli), Ingimundur Orri Jóhannsson, Heiðarlundi 9, Íris Rut Erlingsdóttir, Furuási 2, Íris Rut Sigurbergisdóttir, Móaflöt 7, Íris Þóra Birgisdóttir, Ásbúð 49, Kolbrún Sigmundsdóttir, Hofakri 3, Kristín Bjarnadóttir, Mariugötu 5, Kristín Einarsdóttir, Ótilgreint, Lára Gísladóttir, Lambamýri 3, Magnús Stephensen, Löngumýri 57, Ragnheiður Stephensen, Löngumýri 57, Ríkey Jóna Eiríksdóttir, Hrísmóum 6, Rúnar Páll Sigmundsson, Ægisgrund 13, Sigríður Logadóttir, Kinnargötu 82, Skarphéðinn Jónsson, Strandvegi 10, Sunna G. Sigurðardóttir, Ásbúð 49, Unnur Flygenring, Strandvegi 11, Urður Hafþórsdóttir, Þorraholti 1B, Vala Dröfn Hauksdóttir, Móaflöt 37, Vala Guðný Guðnadóttir, Heiðarlundi 9, Þórhildur Reinharðsdóttir, Aratúni 18, Þóroddur Björgvinsson, Keldugötu 1, Þórunn Þórsdóttir, Mariugötu 32.

Bæjarstjórn samþykkir að kjósa eftirfarandi fulltrúa í hverfiskjörstjórn Álftaness vegna sveitarstjórnarkosninga sem fram eiga að fara 16. maí 2026.

Snædís Björnsdóttir, Lyngmóum 7, Lúdvík Hjalti Jónsson, Lindarflöt 50, Guðfinna Aradóttir, Hólmatúni 8, Þorgerður Kristinsdóttir, Vesturtúni 42.